Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók stjórnar Félags kjötverslana 10. febrúar 1983 til 23. október 1991

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag kjötverslana – Stjórnarfundir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-12

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FÉLAG KJÖTVERSLANA
FUNDARGERÐIR
10/2 1983 – 23/10 1997

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag kjötverslana

fundagerðabók

frá 10 febr 1983.

til 23. okt. 1991.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í Félagi kjötverzlana fimmtudaginn 10. febrúar 1983.

Ákveðið var að halda aðalfund félagsins 1985 þann 24. febrúar. Rætt var um nýtt formannsefni fyrir félagið þar sem Jón Ingi gefur ekki lengur kost á sér í starfið. Ekki lá fyrir fundinum hver yrði boðinn fram til formanns og ákveðið að halda aftur stjórnarfund miðvikudaginn 16. febrúar. Ákveðið var að nota tímann fram að næsta fundi til að leita til ákveðinna manna um að taka að sér formennsku í félaginu næsta kjörtímabil. Ólafur Torfason bar upp tillögu um að setja á fót verðlags og viðskiptakjaranefnd og ákvað fundurinn að bera ~~upp~~ upp á næsta aðalfundi tillögu um að stofnsetja slíka nefnd í samvinnu við Félag matvörukaupmanna. Ákveðið var að bera upp tillögu á aðalfundi um að knýja á stjórnvöld um samræmda álagningu í matvöruverslunum og niðurfellingu aðflutningsgjalda af kæli og frystitækjum til matvöruverslana.

Á fundinn mættu Jón Ingi Júlíusson, Ólafur Torfason, Sveinn Christiansen og Björn Ingi Björnsson

Jón Ingi Júlíusson
Ólafur Torfason
Sveinn Christiansen.
Björn Ingi Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í fél. kjötverslana miðvikud. 16. feb. '83

Ákveðið var að boða til aðalfundar fimmtud. 10. marz. Ákveðið var einnig að boða fulltrúa Hagvangs til viðræðna við stjórn félagsins um væntanlega úttekt á rekstri kjötverslana og kröfugerð til sexmannanefndar í kjölfar hennar. Á fundinum mættu Jón Ingi Júlíusson, Jóhannes Jónsson Sveinn Christiansen og Björn Ingi Björnsson.

Björn Ingi Björnsson
Jón Ingi Júlíusson
Jóhannes Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1983, fimmtudaginn 10 maí var haldinn aðalfundur í Félagi kjötverzlana í Húsi verzlunarinnar við Kringlumýrarbraut.

Formaður félagsins Jón Ingi Júlíusson setti fundinn.
Við setningu fundarins minntist formaður látins heiðursfélaga og gullmerkishafa Jóhannesar ~~Christ~~ Karl Klein en hann var einn af stofnendum félagsins, auk þess minntist hann Jóns Bjarnasonar ritstjóra og starfsmanns K. Í. um áraraðir.
Bað hann fundarmenn að rísa úr sætum og votta hinum látnu virðingu sem og allir gerðu.
Magnús E. Finnsson var tilnefndur sem fundarstjóri og Guðni Þorgeirss. ritari
Fyrir var tekið:

1. Skýrsla stjórnar
Formaður Jón Ingi Júlíusson flutti skýrsluna og greindi frá starfsemi félagsins á liðnu ári og kom þar fram að félagsstarfsemin hefur verið með ágætum. Talaði hann meðal annars um verðlagningu, verðhækkanir, tollamál varðandi búnað í verzlunum og húsasölu einstaklinga og fyrirtækja
Í lok máls síns þakkaði formaður félögunum gott samstarf svo og einnig skrifstofufólki og framkvæmda stjóra Magnúsi E. Finnssyni. Auk þess þakkaði hann Guðna Þorgeirssyni fyrir gott starf.
Guðni Þorgeirsson las og lagði fram reikninga en það gerði hann í forföllum Guðjóns Guðjónssonar gjaldkera félagsins. Í umræðum um skýrslu formanns og reikninga þakkaði formaður K. Í. Gunnar Snorrason stjórn félagsins fyrir mjög gott starf. Minnti á hið mikla



starf sem formaður félagsins hefði innt af höndum og tók hann undir samstöðuóskir formanns.
Til máls tóku Ólafur Björnsson formaður Félags matvörukaupm. sem var boðsgestur á fundinum, þakkaði hann gott samstarf og tók vel undir ýms mál sem Jón Ingi hafði rætt.
Auk þess tóku eftirtaldir til máls, Magnús E. Finnsson Jón Júlíusson
Reikningar félagsins voru nú bornir upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

2. Kosningar:
Jón Ingi Júlíusson gat þess að hann gæfi ekki kost á sér til formannsstarfa.
Stungið var upp á Jóhannesi Jónssyni og var hann einróma kosinn.
Björn Ingi Björnsson og Júlíus Jónsson voru kjörnir ~~til~~ meðstjórnendur til tveggja ára.
Jón Sigurðsson og Jón Ingi Júlíusson voru kjörnir í varastjórn til eins árs.
Fulltrúi í fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
Jón Júlíusson var einróma endurkosinn en varamaður hans var kosinn Gunnar Snorrason.
Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir Eyjólfur Guðmundsson og Guðmundur Júlíusson.
Skemmtinefnd var kosinn, en í hana völdust Arnall Þorsteinsson, Guðjón Guðjónsson og Ólafur Torfason.

3. Önnur mál.
Tekin var til umræðu tillaga frá Jóni Inga Júlíussyni Birni Inga Björnssyni um að leggja niður verðlagsnefndina í núverandi mynd og skipa svo menn í nefnd eftir nánari útskýringum skv. innlímdri tillögu sem kemur fram á næstu síðu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Tillaga.

I

Undirritaðir félagar ~~Ég undirritaður formaður~~ Félags kjötverzlana ~~geri~~ gera það að tillögu ~~minni~~ sinni að Verðlagsnefnd félagsins í því formi sem hún hefur verið í verði lögð niður en í stað hennar verði tveir menn tilnefndir frá félaginu í nýja Verðlags- og viðskiptakjaranefnd og þess óskað að Félag matvörukaupmanna tilnefni tvo menn á móti. Verksvið nefndarinnar verði að fylgjast með verðlagi og viðskiptakjörum sem stéttinni væru boðin t.d. álagningu, aflætti og vaxta~~kostnaði~~kjara auk greiðslufrests og verðmerkingu vinnsluvara. Svo og um sértækum málum

Nefndin komi saman ~~ákveðið einu sinni í mánuði~~ eftir þörfum.

Jón Ingi Júlíusson
Björn Ingi Björnsson
Jóhannes Jónsson

Samþykkt samhljóða
Guðni

Jón Ingi Júlíusson tók til máls og ræddi hlutdeildarkostnað sem lagður er til grundvallar við útreikninga verðlags hjá [illegible]nefnd.
Jón Júlíusson ræddi mörg mál og þá sérstaklega um innistæðulausar ávísanir og viðbrögð bankakerfisins við óskir okkar, auk kreditkortaviðskipa.
Jón Júlíusson bar upp og útskýrði tvær tillögur sem samþykktar voru með öllum greiddum atkvæðum. Ársæll Þorsteinsson og Jóhannes Jensson voru meðflutningsmenn.
Tillögurnar eru límdar inn á næstu síðu.

1/

Aðalfund í Félagi kjötverslan haldin 10. Mars 1983.
mótmælir harðlega þeim 'ósvífna og 'ósanngjarna skatti sem lagður er á verslun og skrifstofu húsnæði.

Jón Júlíusson
Ársæll Þorsteinsson.
Jóhannes Jónsson

Samþykkt samhljóða
Guðni

2/

Aðalfundur í Félagi kjötverslan haldin 10 mars. 1983.
felur stjórn félagsins að vinna að því að þeir sem innheimta söluskatt fái greidda þóknun fyrir framlagða vinnu og ábyrgð sem innheimtunni tilheyrir.

Jón Júlíusson
Ársæll Þorsteinsson.
Jóhannes Jónsson

Samþ. samhljóða.
Guðni

Þá næst var tekin fyrir tillaga eða ábending til framkvæmdastjóra K.Í. um að koma á framfæri við sitt stjórnvöld óskum félagsmanna að verslunarálagning á matvörum verði ein og söm, þannig að hún beri sameiginlegan verslunarkostnað.
Tillagan límd inn á næstu síðu.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá stjórn Félagsins — Guðni

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Aðalfundur Félags kjötverzlana beinir því til framkvæmdastjóra Kaupmannasamtaka Íslands að hann komi á framfæri við viðeigandi stjórnvöld óskum félagsmanna um breytingu á verzlunarálagningu í matvöruverzlunum í þá átt að ein og sama álagning verði á öllum vörum, þannig að hún beri sannanlegan verzlunarkostnað. Efni tillögu þessarar ber að skoða nánar í ljósi þeirra breytinga sem væntanlegar eru á vísitölugrundvelli, en þar er gert ráð fyrir léttara vægi landbúnaðarvara.
Einnig verði óskum félagsmanna um lækkun aðflutningsgjalda af kæli- og frystitækjum til verzlana, komið á framfæri við rétt stjórnvöld.

Nýkjörinn formaður Jóhannes Jónsson þakkaði traust það er honum hefði verið sýnt með því að kjósa hann enn einu sinni formann Félagsins minnti hann á ýmis mál sem væru ofarlega í huga félagsmanna og með sameiginlegu átaki væri hægt að þoka þeim í rétta átt. Hann þakkaði góð samskipti við fráfarandi stjórn og vonaðist eftir góðri samvinnu við stjórnar og félagsmenn á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið
Guðni Þorgeirsson fundarritari.



Stjórnarfundur í Félagi Kjötverslana 16. mars 1983

Stjórnin skifti með sér verkum á þann veg að varaformaður verður Ólafur Torfason, ritari Björn Ingi Björnsson, gjaldkeri Guðjón Guðjónsson meðstj. Júlíus Jónsson. Fundurinn samþykkti að skrifa stjórn samtakanna bréf þar sem farið er fram á að ráða Hagvang til að gera úttekt á rekstrargrundvelli verslana sem versla með landbúnaðarvörur. Fundurinn felur formanni að ítreka við starfsmann samtakanna, að fylgja eftir áður framkomnum hugmyndum um gjaldtöku fyrir plastburðarpoka. Fundurinn skipaði í verðlags og viðskiftanefnd þá Gunnar Snorrason og Jón Ingi Júlíusson. Á fundinum mættu Jóhannes Jónsson, Ólafur Torfason, Guðjón Guðjónsson, Björn Ingi Björnsson, Júlíus Jónsson, Jón Sigurðsson, Jón Ingi Júlíusson og Jón Júlíusson sem var sérstaklega boðið til fundarins

Jóhannes Jónsson
Björn Ingi Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FÉLAG KJÖTVERSLANNA.

Reykjavík 24. mars, 1983.

Til stjórnar Kaupmannasamtaka Íslands.

Við bjóðum nýkjörna stjórn velkoman til starfa og væntum góðs samstarfs við hana. Erindi þess bréfs er, að þar sem við í Félagi kjötverslanna eigum við sívaxandi rekstrarörðugleika að etja, hefur stjórn félagsins samþykkt að fara þess á leit við stjórn Kaupmannasamtaka Íslands að hún veiti okkur fjárhagslega fyringreiðslu til að láta fara fram úttekt á rekstri fyrirtækja í félaginu, er framkvæmd yrði af Hagvangi h.f. Stjórn félagsins hefur vitneskju um að góður árangur hefur náðst eftir slíka úttekt á rekstri annara fyrirtækja. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir, en þar sem Hagvangur h.f. hefur unnið mikið starf á þessu sviði teljum við okkur njóta góðs af reynslu þeirra í væntanlegri úttekt.
Með fyrirfram þakklæti og um skjót svör,

f.h. Félags kjötverslanna,

Jóhannes Jónsson, formaður,

Björn Ingi Björnsson, ritari.



Stjórnarfundur í Fél. kjötverslana 8. júní 1983.

Mættir voru Jóhannes Jónsson, Guðjón Guðjónsson, Jón Sigurðsson og Björn Björnsson.
Guðni Þorgeirsson útskýrði nýja verðlagningu á landbúnaðarvörum. Jóhannes skýrði frá fundi með aðilum utan samtakanna og kvað hann undirtektir þeirra, um væntanlega samvinnu í fyrirhugaðri könnun Hagvangs, á úttekt kostnaðar við dreifingu landbúnaðarvara, jákvæðar. Rætt var um að seinka fyrirhugaðri könnun til haustsins vegna fjárskorts og vegna þess að sumarið er talið óheppilegur tími til slíkra kannana. Rætt var um leiðir til að innheimta hluta félagsmanna í kostnaði könnunarinnar og ákveðið að kanna það mál nánar. Ákveðið var að fela formanni félagsins að hafa samband við Fél. matvörukaupmanna vegna frummælanda á næsta síðdegisfund félaganna.
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Björn Ingi Björnsson
Jóhannes Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur 25/8 '83

Mættir voru Jóhannes Jónsson, Jón Ingi Júlíusson og Björn Ingi Björnsson. Samþ. var tillaga frá formanni um að ræða við Sambandið um þátttöku þess í kostnaði vegna fyrirhugaðrar úttektar á sölukostnaði á landbúnaðarvörum. Tekin var ákvörðun um verðlagningu á útbeiningu, stöðkum og pökkun á kjöti. Rædd var hugmynd frá formanni um að koma á fót sameiginlegum innkaupum smásöluverslana með dreifingu á matvörum í smærri einingum í huga.
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jóhannes Jónsson
Jón Ingi Júlíusson
Björn Ingi Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í Fél. kjötverzlana 5. okt. 1983

Mættir voru Jóhannes Jónsson, Guðjón Guðjónsson, Jón Sigurðsson, Jón Ingi Júlíusson og Björn Ingi Björnss. Rædd voru lokunartímamálin og voru fundarmenn sammála um að rýmka afgreiðslutíma verzlana í samræmi við opnunartíma verslana sem standa utan við samtökin. Ákveðið var að halda sameiginlegan kaffifund með fél. matvörukaupmanna og taka til umræðu þjófnaðarmál í verzlunum. Tekin var til umræðu Hagvangskönnunin og var framkvæmdastjóra samtakanna falið að ræða við Kjartan Kjartansson hjá SÍS og Gunnar Guðbjartsson hjá framleiðsluráði um fund með stjórnarmönnum í félaginu, um þátttöku í kostnaði vegna Hagvangskönnunarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Björn Ingi Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í Fél. kjötverslana 27. febrúar 1984.

Mættir voru Jóhannes Jónsson, Gudjón Jónsson,
Júlíus Jónsson, Ólafur Torfason, Jón Sigurdsson,
Jón Ingi Júlíusson og Björn Ingi Björnsson
Formadur skýrdi frá ákvördun sexmannanefndar
ad gefa adeins út verd á heilum dilkaskrokkum
og láta kaupmenn um ad verdleggja hina ýmsu
hluta dilkakjötsins. Ákvedid hefur verid ad
halda adalfund félagsins þridjudaginn 6. mars.
Allir fundarmenn voru samþykkir því ad
Valdimar Gíslason verdi kjörinn heidursfélagi á
tilefni af 75 ára afmæli hans á sídasta ári.
Ólafur Torfason gekkst undir þá kvöd ad skaffa
veitingar á adalfundinum. Lesid var upp bréf
frá Félagi ísl. kjötidnadarmanna þar sem farid
er fram á fjárstudning vegna námskeids sem
haldid er þessa dagana á vegum félagsins.
Stjórnin var sammála um ad fara eindregid
fram á þad vid framkvæmdastjórn K.Í. ad
hún veiti F.Í.K. umbedinn fjárstudning.
Fleira ekki gert, fundi slitid.

Björn Ingi Björnsson ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1984, þriðjudaginn 6 mars var haldinn aðalfundur í Félagi kjötverzlana í Húsi verzlunarinnar

Formaður félagsins Jóhannes Jónsson setti fundinn. Hann skipaði Gunnar Snorrason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson sem ritara.

Fyrir var tekið.

1. Skýrsla stjórnar.
Formaður Jóhannes Jónsson flutti skýrsluna. Greindi hann frá störfum stjórnar, en þar voru verðlagsmálin fyrirferðarmest.
Þau gleðilegu tíðindi hafa gerst að nú nýlega að verðlag hefur verið gefið frjálst í stykkjuðu dilkakjöti og nautakjöti verð er áfram bundið í heilum og hálfum skrokkum bæði í heildsölu og smásölu.
Eftir að formaður hafði flutt skýrslu sína tilkynnti formað að nú færi fram afhending á heiðursskjali til Valdimars Gíslasonar, en hann var kjörinn heiðursfélagi á síðasta stjórnarfundi. Hann þakkaði Valdimari fyrir öll hans góðu störf og þann áhuga sem hann hefur sýnt félaginu.
Guðni Þorgeirsson las upp endurskoðaða reikninga félagsins og var það gert að beiðni gjaldkera Guðjóns Guðjónssonar. Reikningarnir voru því næst bornir upp og samþykktir samhljóða.



2. Kosningar.
Jóhannes Jónsson fráfarandi formaður var endurkjörinn samhljóða.
Ólafur Torfason og Guðmundur Júlíusson voru kjörnir meðstjórnendur til tveggja ára.
Jón Sigurðsson og Jón Ingi Júlíusson voru kjörnir í varastjórn til eins árs.

Fulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands. Jón Júlíusson var einróma endurkjörinn en varamaður hans var kjörinn Gunnar Snorrason

Endurskoðendur voru kjörnir þeir Ársæll Þorsteinsson og Jón Einarsson.

Í verðlags og viðskiptakjaranefnd voru endurkjörnir Gunnar Snorrason og Jón Ingi Júlíusson

Skemmtinefnd var kosin, en í hana völdust Ársæll Þorsteinsson, Guðjón Guðjónsson og Ólafur Torfason.

3. Önnur mál
Guðni Þorgeirsson skýrði frá prósentu hækkun á dilkakjöti í heilum skrokkum og ákvörðun Sexmannanefndar um frjálsræði á verðlagi í stykkjuðu dilkakjöti.

Vigfús Tómasson skýrði frá vanda Sláturfélagsins við verðmerkingu, eftir að frjálst verðlag hefur verið ákveðið. Líkur eru á því að hætt verði við að verðmerkja á framleiðslustað.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miklar umræður urðu um verðlagsmálin, en um þau ræddu þeir Hrafn Bachmann og Jónas Gunnarsson og fleiri.

Ólafur Björnsson formaður Félags matvörukaupmanna tók til máls, þakkaði boðið á fundinn og ræddi álagningarmálin vítt og breitt, kom meðal annars inn á verðlagningu á brauðvörum og mjólk. Skýrði hann frá bréfi sem félögin hafa sent til Grænmetisverslunar landbúnaðarins vegna viðskiptakjaramismunar sem viðgengst hjá Grænmetisverslunninni.
Benti hann á lækkun vaxta á vörureikningum verslana hjá heildsölum og jafnframt bað hann menn að fara varlega í öllum verðbreytingum.

Valdimar Gíslason, hinn nýkjörni heiðursfélagi, tók til máls. Hann sagði að hann væri montinn yfir því að hafa fengið að vera talinn í þessari stétt. Þakkaði síðan fyrir þann heiður sem honum hafði verið sýndur.

Jónas Gunnarsson tók næstur til máls, ræddi verðlagsmál og sagði frá K-samtökunum og hvatti menn til þess að standa saman.

Jóhannes Jónsson ræddi um verðlagsmálin, þakkaði traustið sem honum hafði verið sýnt með endurkosningunni og bað menn að standa vel við bakið á stjórninni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson
ritari.



Stjórnarfundur í Fél. kjötverslana 12. 3. '84
Mættir voru Jóhannes Jónsson, Ólafur Torfason, Júlíus Jónsson, Jón Ingi Júlíusson, Guðmundur Júlíusson og Björn Björnsson.
Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum þannig, varaformaður Ólafur Torfason, ritari Björn Ingi Björnsson, gjaldkeri Júlíus Jónsson og meðstjórnandi Guðmundur Júlíusson. Stjórnin er sammála um að hvetja stjórn K. Í. til að efla menntun verslunarfólks.
Tilnefndir voru fulltrúar félagsins að á aðalfund Kaupmannasamtakanna.
Fleira ekki gert, fundi slitið.

Björn Ingi Björnsson ritari

Stjórnarfundur í Fél. kjötverslana 20. 6. '84

Mættir voru Jóhannes Jónsson, Ólafur Torfason, Júlíus Jónsson, Björn Björnsson, Jón Sigurðsson og Jón Ingi Júlíusson. Formaður sagði frá fyrirhugaðri matvælasýningu á vegum framleiðsluráðs landbúnaðarins. Fundarmenn álitu að sýning þessi höfðaði ekki til félaga í fél. kjötverslana. Rætt var um álagningu á kjötvörum og hvernig kaupmönnum hefði gengið að verðleggja kjötvörur eftir að álagningarreglunum var breytt. Ákveðið var að minnast 50 ára afmælis félagsins í haust og voru þeir Jóhannes Jónsson, Júlíus Jónsson og Björn Björnsson skipaðir í nefnd til undirbúnings afmælishátíðar. Fleira ekki gert, fundi slitið.
Björn Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag kjötverslana
50 ára.

Laugardaginn 24. nóvember 1984 var móttaka í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar í tilefni af 50 ára afmæli félagsins.

Til fagnaðarins hafði verið boðið öllum félögum með mökum, ásamt formanni og forráðamönnum K.Í., auk framámönnum félagasambanda landbúnaðarins og ýmissa stofnana.

Formaður félagsins Jóhannes Jónsson yfirverslunarstjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands setti hátíðina með snjallri ræðu, þar sem hann rakti sögu félagsins og gat helstu verkefna.

Sigurður E. Haraldsson formaður K.Í. flutti félaginu árnaðaróskir frá samtökunum og gat þess að félagið hafi verið eitt af sterkustu stoðum samtakanna allt frá upphafi.

Hann heiðraði þrjá félaga með gullmerki samtakanna fyrir mjög góð störf í þágu félagsins, en þeir voru:
Jón Eyjólfsson hjá Sláturfélagi Suðurlands
Jón Sigurðsson, kaupm. í versl. Straumnesi og fyrrverandi formaður félagsins, og
Eyjólfur Guðmundsson hjá Síld og Fisk.

Eyjólfur Guðmundsson þakkaði fyrir hönd þeirra félaga.



Heiðursfélagi, Valdimar Gíslason flutti félaginu árnaðaróskir og minntist góðra félaga í snjöllu ávarpi, en gjafir bárust frá Sláturfélagi Suðurlands, Verslunarbankanum, Kjötversl. Hervalds Eiríkssonar og Félagi Byggingarefnakaupmanna.

Milli 120-130 félagar og gestir komu til fagnaðarins.

**FÉLAG KJÖTVERSLANA**
**50 ÁRA**

*Stjórn Félags kjötverslana biður yður í tilefni af 50 ára afmæli félagsins, að gera sér þá ánægju að mæta til móttöku í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands á 6. hæð í Húsi verslunarinnar, laugardaginn 24. nóvember 1984, kl. 16.00 — 18.00.*

**Gildir fyrir tvo.**

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1984 Föstudaginn 7 desember kl. 10⁰⁰ haldinn fundur í stjórn Félags kjötverslana í húsakynnum K.Í.

Gestur fundarins var Jóhannes Gunnarsson fulltrúi Verðlagsstjóra.

Jóhannes Jónsson formaður félagsins setti fundinn og stjórnaði, en fundarefnið var umræða um verðkönnun Verðlagsstofnunar sem birt var 4 des. s.l.

Formaður skýrði frá gagnrýni, sem fram hafi komið frá félögum, sem Jóhannes Gunnarsson svaraði.

Gagnrýnin fólst í því aðallega, að framkvæmd könnunarinnar hafi verið léleg og tortryggileg.

Miklar umræður urðu um málið og Jóhannes Gunnarsson, skýrði og ræddi framkvæmd og niðurstöður könnunarinnar.

Sú ósk kom fram, að kjötverðskannanir tækju aðeins einn dag í senn og tók fulltrúinn vel undir þá ósk, og í lokin lagði hann áherslu á góða samvinnu og þakkaði allar góðar ábendingar.

Guðni Þorgeirsson
fundarritari.



1985. Mánudaginn 11 febrúar kl. 14³⁰ haldinn fundur í stjórn Félags kjötverslana í húsakynnum K.Í.

Formaður félagsins, Jóhannes Jónsson setti fundinn og stjórnaði.

Fyrir var tekið:

Ákveðið að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 7 mars kl. 20³⁰ Rætt var um, hverjir ættu að ganga úr stjórn, sameiningu Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana. Menn voru sammála um að vinna skyldu að sameiningu, ef félagið héldi sama sæti og sama atkvæðamagni á aðalfundi K.Í.

Guðni Þorgeirsson
fundarritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1985 fimmtudaginn 7 mars var haldinn aðalfundur í Félagi kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtakanna í Húsi verslunarinnar.

Formaður félagsins Jóhannes Jónsson setti fundinn. Hann skipaði Guðna Þorgeirsson fundarstjóra og Júlíus Jónsson sem ritara. Hann bauð félaga velkomna og alveg sérstaklega formann Félags matvörukaupmanna, Ingibjörn Hafsteinsson sem sérstaklega var boðið á fundinn.

Dagskrá

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar og kom víða við í sinni málflutningi.
2. Lagðir fram reikningar og samþykktir samhljóða
3. Umræður um skýrslu stjórnar
Hrafn Bachmann þakkaði fyrir skýrslu stjórnar og spurði hvort samþykktin hafi verið nýjar félagsins og minnti á umdæmi S.Í.S.
ennfremur spurði hann hvort til væri útreikningar um niðurskurð á 5. dilkum og hvort væri til útreikningar um arðsemi þeirra
Jóhannes Jónsson formaður svaraði.
hann hafði aldrei heyrt um umdæmi frá S.Í.S. varandi arðsemi útreikn. var gerð könnun á 26 dilkum hjá S.S. og S.Í.S. og við samanburð kom ekki sama niðurstaða út.
4.
Kosningar.
Formaður Jóhannes Jónsson var endurkjörinn til 1. árs
2 meðstjórnendur til 2 ára voru kosnir Júlíus Jónsson Nóatúni og Jón Ingi Júlíusson Kjötborin Ásgarði.
2 menn í varastjórn voru kosnir þeir Jón Sigurðsson




Straumnesi og Jón Einarsson Sunnukjöri
Endurskoðendur voru kosnir Sveinn Christensen og Markús Sigurðsson.
Fulltrúar í fulltrúaráð. K.Í. voru kosnir.
Jón Júlíusson og Gunnar Snorrason.

5. Önnur mál.
Jóhannes Jónsson þakkaði fyrir það traust sem honum er sýnt með endurkosningu í formannsstarfið og lagði fram þakkir til hafa lokið st. framkvæmdastjórnar fundi.
Jón Júlíusson ræddi um sameiningu félags matvörukaupmanna og ~~kjöt~~ félags kjötverslana og sagði meðal annars að þeir mættu fá 2. fulltrúa í fulltrúaráði K.Í. við sameiningu.
Ennfremur lagði hann að litlu verslanirnar allar í vök að verjast og vel að gert verði átak í að rétta hlut þeirra gagnvart markaðnum svo þær hverfi ekki af sjónarsviðinu.
Ingibjörn Tómas Hafsteinsson formaður félags matvörukaupmanna þakkaði fyrir boðið á fundinn og vildi að það kæmi fram að félag ~~matvörukaupm~~ kaupmanna hafi gefið félagi kjötverslana land undir sumarbústað á Grímsnesinu og minnti formanninn á kvöðina sem fylgdi gjöfinni
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Davíð Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1986. 27. Febrúar. Kl. 20.30

Aðalfundur í Félagi Kjötverslana haldinn
í Fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands.
Fundarstjóri var valinn Hreinn Sumarliðason.
og fundarritari Daníel Kristjánsson.
Mættir voru 13 félagar.
Valdimar Gíslason ræddi fyrst utan dagskrár
að Þorvaldur Guðmundsson í Síld og Fisk
hafi verið heiðraður [illegible] riddarakrossi hinnar
Íslensku Fálkaorðu, fyrir störf að félagsmálum.

1. Jóhannes Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar
og sagði að hver af stjórnarmönnum hafi hætt
rekstri á árinu. Ennfremur sagði hann að frjáls
álagning hafi verið gefin ~~[illegible]~~ og minntist
á að verðlagsyfirvöld hafi sagt í fjölmiðlum
að álagning hefði verið fleiri hundruð prósent.
og lýsti Jóhannes því yfir að hann hafi í
sex manna nefnd sagt að álagning yrði
hækkuð. Einnig sagði hann frá því að
fyrir ári síðan hafi verið send út 35
fyrirspurnir um stöðu fyrirtækja
en aðeins 13 svör hafi borist þar af 4 frá SS.
Ennfremur minntist hann á fund sem haldinn
var í fulltrúaráði K.Í. með fjölmiðlamönnum
og mættu þar Styrmir Gunnarsson frá Morgunblaðinu
og Markús Örn Antonsson frá Ríkisútvarpinu.
Einnig kom hann inn á það leiðinda mál
sem nefnt er Mjólkurmál og sagði það
algjörlega afsprengi af þeim kaupmönnum
sem tóku þátt í því og væri þetta mál
til skammar fyrir kaupmannastéttina



Hann sagði að Hreinn Sumarliðason myndi
kynna ný lög fyrir félagið sem myndi
verið til bóta með það sjónarmið í huga
að sameina félag Matvörukaupmanna
og Félag Kjötverslana og þakkaði fyrir gott
hljóð.

1. Magnús E. Finnsson flutti viðauka við
skýrslu formanns. og sagði hafa verið
beðinn að athuga með lækkun á aðstöðugjaldi.
Hann sagði að aðstöðugjald hafi verið
lækkað af mjólkurvörum.

2. Kreditkort.
Hann sagði að kreditkorta málin væru
á viðkvæmu stigi og Hreinn og Gunnar Snorrason
gengu á milli manna í umræðum um
kjarasamninga og reyndu að koma þessu
inn í umræður en forsvarsmenn
vinnumarkaðarins vildu ekki taka á þessu máli.
Einnig sagði hann að kjarasamningar þessir
markaði tímamót og launahækkanir væru 13.60 %.
verðbólga 7-8 %. og fallið væri frá búvöru
hækkunum [illegible] margt nýtt komandi.
Ennfremur ræddi hann vítt og breitt um
samningamálin og Lífeyrismál.

Gjaldkeri Júlíus Jónsson skýrði reikninga
félagsins og gat þess að hagnaður hafi
verið 93.81 aura á síðasta ári

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Umræður um skýrslu stjórna og formanns.
Gunnar Snorrason þakkaði greinagóða skýrslu formanns og sagði það væri slæmt hvað blaðið [illegible] kæmi sjaldan út og sagði, að heildsalar ættu mikilla hagsmuna að gæta þar sem blaðið fer í allar verslanir á landinu. Einnig kom hann inná mjólkurmálið og sagði það leiðinda mál. Einnig kom hann upp. sell. [illegible] frá Félagi Íslenskra Iðnrekenda sem er mjög fáránlegt fyrir almenning í landinu og benti formanni Kjötverslana á að félagið gæti [illegible] [illegible]. gert útthvað líkt.

Ólafur Björnsson lagði til að senda Þorvaldi Guðmundssyni hulla skeyti í tilefni þess heiður sem hann var með aðventingunni.

[illegible] Þór Þorlíusson talaði um hvað það væri erfitt að fá félagsmenn til að mæta á fundum. og það yrði að vera breyting á þessu.
Einnig kom sagði frá að kjötheildsölu sem lögð var 5,86 %. væri sett frá 1982. það væri ótrúlegt. eins og annað sem hafði hækkað í landinu [illegible] benti á að Danska krónan hafa hækkað um 5 falt.
Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða

Lagabreytingar Hreinn Sumarliðason gerði grein fyrir lagabreytingum sem væru stöðluð fyrir öll sérgreinafélög innan K.Í. eina breytinga sem gæta orðið út á landsbyggðinni vegna laxveiða þessa. Bar hann upp lögin grein fyrir grein og voru þær samþykktar allar samhljóða

Stöðluð Reykjavík.

Lög fyrir

1. grein.

Félagið heitir Félag kjötverslana.

2. grein.

Félagssvæði þess er Reykjavík, Garðabær, Seltjarnarnes, Kópavogur og Mosfellssveit. Heimilisfang og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf og samvinnu meðal kjötverslana á félagssvæðinu, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verslun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands , og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur verslun á félagssvæðinu. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meirihluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður.
Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins, getur meirihluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund, og þarf 2/3 hluti greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur. Hafi félagsmaður eigi haft opna verslun í eitt ár, skal hann tekinn af félagsskrá. Gangi nýjir félagsmenn í sérgreinafélag eða kaupmannafélag innan vébanda K.Í. skal stjórn viðkomandi félags tilkynna það skrifstofu K.Í.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. grein.

Heimilt er að segja sig úr félaginu frá áramótum að telja með minnst sex mánaða fyrirvara, enda sé félagsmaður skuldlaus við K.Í. Úrsögn skal vera skrifleg og afhendast framkvæmdastjóra og er honum skylt að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku hennar sé þess óskað. Þó er óheimilt að segja sig úr eða fara úr félaginu meðan vinnudeila ( verkbann eða verkfall) sendur yfir.
Hætti félagsmaður að versla, fellur iðgjaldsgreiðsla hans niður frá næstu mánaðarmótum að telja.

6. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K.Í. Gjöldin renna óskipt til K.Í. sem annast allan rekstur félagsins.

7. grein.

Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum og tveim til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs ganga tveir meðstjórnendur úr stjórn eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Eitt atkvæði fylgir hverri skuldlausri starfsstöð ( búð).

8. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta kjósa menn í nefndir á félagsfundi til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

9.grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir febrúar lok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu, eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar sé þess óskað.
Eftirfarandi atriði skulu a.m.k. ávallt vera á dagskrá aðalfundar:



1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár og lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
2. Stjórnarkosningar skv. 7. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosninn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.

10. grein.

Stjórnin skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

11. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykkt 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

12. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi, og skal geta þess í fundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið, skulu eignir þess renna til Kaupmannasamtaka Íslands, eða annars félags, sem verði hugsanlega stofnað síðar á félagssvæðinu.

13. grein.

Í gjörðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það, er gjörðist á félagsfundunum, einkum allar fundarsamþykktir. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Fundarstjóri og fundarritari undirskrifa síðan fundargerðina. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem farið hefur fram á fundinum.

14. grein. (sérákvæði).

Með tilvísun í II kafla 3. gr. A laga Kaupmannasamtaka Íslands, heimilast fámennum sérgreinafélögum að kjósa sér 3 manna stjórn í stað 5 manna. Skal þá kjósa formann sér, til eins árs, en meðstjórnendur til 2 ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnandi úr eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Tveir varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. grein.

Lög þessi eru stöðluð og samræmd lögum Kaupmannasamtaka Íslands samkvæmt ákvæði 38. gr. laga frá aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands 1985.

Þannig breytt skulu lög þessi lögð fram fyrir aðalfundi sérgreina og Kaupmannafélaga á aðalfundum þeirra 1986.

Samþykkt samhljóða
á aðalfundi 27/2 - 1986.

Sveinn Snorrason [illegible]
fundarstjóri

Daníel G. Björnsson
fundarritari



Kosningar. Jóhannes Jónsson var endurkosinn samhljóða.
Friðjón ~~[illegible]~~ Eðvarðsson var kosinn til eins árs. Júlíus Jónsson
átti eftir sitt ár 2 meðstjórnendur voru kosnir
Ólafur Torfason og Guðmundur Júlíusson.
Varamenn voru kosnir Jón Sigurðsson og
Þórður Jónsson.
Endurskoðendur voru kosnir Sveinn ~~[illegible]~~
og Markús Sigurðsson.
Fulltrúi í ~~framkvæmda~~ fulltrúaráð var
kosinn Jón Júlíusson og til vara.
Gunnar Snorrason. 5 manna útbreiðslunefnd
var vísað til stjórnar
Jóhannes Jónsson þakkaði traust það sem
honum var sýnt með endurkjöri í
formannsstarfið og þakkaði fyrir þann mann
sem Júlíus Jónsson kom með og fór fullum
9%.
Júlíus Jónsson óskaði formanni til hamingju
með endurkjörið og vildi leiðrétta þetta með
þann mann hann væri frá Verzl. Nóatúni Nóatúni 17.
sem Júlíus Jónsson átti og rekur.

Ólafur Björnsson vildi ~~[illegible]~~ þakka
Jónasi Gunnarssyni fyrir vel unnin störf
í þágu kaupmanna á undanförnum áratugum
og tóku fundarmenn undir það með lófaklappi
ennfremur bað hann Gunnar Jónasson og fara
föður sínum kveðju fundarins.
Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og
fundargerð lesin upp. Var hún samþykkt með smá
breytingum sem gerðar voru á henni.

Daníel G. Björnsson
fundarritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur hjá Mjólkursamsölunni. 10. desember 1986.

Mættir frá Kaupmannasamtökum Íslands.
Jóhannes Jónsson formaður Félags kjötverslana.
Júlíus Jónsson varaformaður Félags matvörukaupmanna.
Guðni Þorgeirsson frá skrifstofu K.Í.

3. starfsmenn Mjólkursamsölu og
2. starfsmenn Reykjalundar plastgerð.

Umræður um ýmis samskiptamál og nýjar umbúðir fyrir jógúrt og skyr og hugsanlegar kynnisferðir kaupmanna til M.S.

Ákveðið að kynningarfundir eða námskeið verði haldin upp úr áramótum með kaupmönnum og þeim starfsmanni sem sér um mjólkurpantanir og mjólkurkæla í búðunum.

Guðni. Rétt Guðni Þorgeirsson



Ár 1987 mánudaginn 2 febrúar haldinn stjórnarfundur í Félagi kjötverslana hjá Kaupmannasamt. Íslands í Húsi verslunarinnar kl. 14.15

Formaður félagsins Jóhannes Jónsson setti fund og stjórnaði

Fyrir tekið:

1. Ákveðið að halda aðalfund félagsins 12 febrúar sameiginlegan með Félagi matvörukaupmanna kl. 20.00

2. Rætt um ástand og horfur í verslunarmálum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson fundarritari.
Jóhannes Jónsson
Júlíus Jónsson
Jón Sigmundsson
Kristján Bergþórsson
Gísli

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíku

Aðalfundur

Ár 1987 Fimmtudaginn 12 febrúar kl. 20^30 haldinn sameiginlegur aðalfundur með Félagi matvörukaupmanna í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar. (23 mættir)
Formaður Félags matvörukaupmanna setti fundinn. Hann bað menn að rísa úr sætum og minnast eins ágætasta félaga okkar, Runólfs Eyjólfssonar kaupm. í Runólfsbúð en hann lést nýlega og var jarðaður í dag. Skipaði hann síðan fundarstjóra Hrein Sumarliðason og fundarritara Guðna Þorgeirsson.

Dagskrá.

1. Eftir skýrslu Ingibjörns Hafsteinssonar form. Félags matvörukaupm. flutti Jóhannes Jónsson skýrslu stjórnar Félags kjötverslana. Ræddi stöðu og stefnu félagsins og stöðu K.Í. í framtíðarsýn eins og hann álýtur að þau verði.
Hann ræddi verkamannir Verðlagsstjóra, lokunarmál, sagði frá utanlandsferð til Norðurlanda og þann lærdóm sem má hafa af henni í sambandi við sameiginleg innkaup verslana, og hagræði í starfi.
Að lokum þakkaði hann samstarfið á liðnu ári
(Til frekari upplýsinga vísast til fundargerðar Félags matvörukp.)

2 Reikningar voru síðan upplesnir og gerði það Guðni Þorgeirsson í fjarveru gjaldkera.

3. Umræður.
Ekki kom fram nein umræða umræða um skýrsluna og voru þá reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.



4. Kosningar:

Kosning formanns til eins árs.
Stungið var upp á endurkjöri Jóhannesar Jónssonar og var hann kosinn samhljóða.

Fyrir í stjórn kosnir 1986 til tveggja ára
~~Friðjón Eðvarðsson og Júlíus Jónsson~~
Ólafur Torfason og Guðmundur Júlíusson

Kosning tveggja manna til tveggja ára
Stungið upp á Friðjóni Eðvarðssyni og Júlíusi Jónssyni þeir samþykktir samhljóða.

Kosning tveggja vara manna til eins árs
Stungið upp á að endurkjósa Jón Sigurðsson og Þórð Jónsson samþykkt samhljóða.

Endurskoðendur til eins árs.
Tillaga barst um Svein Andrésson og Markús Sigurðsson þeir samþykktir samhljóða.

Fulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
Tillaga barst um að endurkjósa Jón Júlíusson sem aðalmann og Gunnar Snorrason til vara og var það samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál
Magnús E. Finnsson tók til máls og ræddi námskeiðahald á vegum K.Í. Benti á að nú væri í gangi námskeið og fyrirhugað enn meira námskeiðahald en nú væri. Lesið upp á videospólum er að berast og kæmi það sér vel. Hann benti á ýms mál sem lægju nú fyrir frá hinu opinbera

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til umsagnar hjá samtökunum. Ræddi síðan kynnisferðir til útlanda, mismunarkannanir á verðlagi og könnun á óskum manna í sambandi við opnunartíma verslana. Um skipulagða heildsöludreifingu og E.A.N. strikamerki, greiðslukort og kostnað sem þeim er samfara.
Velta kostafyrirtækjanna er núna ca. 1 milljarður á mánuði og er matvara ca 2/3 af upphæðinni.
Hann hvatti menn að mæta á árshátíð K.Í. sem haldin verður 7 mars í Hótel Örk í Hveragerði, en nú þegar eru þátttakendur 150-160 manns.

Margir fleiri tóku til máls, þeir voru: Jóhannes Jónsson formaður, Helgi Baldursson fræðslufulltrúi K.Í. Guðlaugur Guðmundsson, Jón Sigurðsson, Hrafn Bachmann og Jónas Gunnarsson

Að lokum þakkaði Jóhannes Jónsson traustið sem honum hafði verið sýnt með endurkjöri, þakkaði hinn ágæta þorramat sem Jón Bjarni Þórðarson í Breiðholtskjöri hafði komið með.

Síðan var samþykkt að fundarstjóri og ritari gengju frá fundarritun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson
fundarritari.



Ár 1987 boðaður fundur fimmtudaginn 20 ágúst kl. 9$^{00}$ af K.Í. í stjórn Félags matvörukaupm. og Félags kjötverslana vegna tilboðs Landbúnaðarráðuneytisins um sameiginlegar auglýsingar á lambakjöti.
Mættir: Jón Júlíusson, Baldvin Eggertsson
Ágúst Guðmundsson, Friðjón Edvardsson
Magnús E. Símonsson, Guðni Þorgeirsson
og Daníel Björnsson
Hugmyndin er sú, að við auglýsum lambakjötið og ráðum hvar og hvernig auglýsingarnar eru að útliti og orðalagi. Ráðuneytið greiði 80% og við 20%

Málið rætt og samþykkt samhljóða.
Ákveðið að Magnús og Guðni hefðu tal af Jóhanni Guðmundssyni fulltrúa í Landbúnaðarráðuneytinu.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aðalfundur 1988.

Ár 1988 fimmtudaginn 4 febrúar kl. 20$^{30}$ haldinn aðalfundur Félags kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.
Formaður Jóhannes Jónsson setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson fundarritara.

Dagskrá:

1. Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Hann gat þess að nú væru skráðir 27 félagar. Fór hann síðan yfir og ræddi hin ýmsu mál, sem félagið hefur unnið að á liðnu starfsári, t.d. kortamál, lokunartímamál, sölu á plastburðarpokum og samskiptum við verðlagsstjóra.
Hann benti á að matvöruverslunin hefur átt í stórfelldri samkeppni og ekki gott að segja hvernig tekist verður á í samkeppninni á næstunni. Menn hafa ekki getað náð saman, til að ná hagstæðum viðskiptakjörum með samstöðu.
Tortryggnin og óheilindin hafa stórskaðað hinn almenna kaupmann.
Hann þakkaði mjög góðar veitingar, sem nú eru komnar á borð frá Gunnari Snorrasyni í Hólagarði.
Síðan þakkaði hann meðstjórnarmönnum og starfsliði skrifstofu K.Í fyrir gott starf og gat þess að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs.

2. Guðni Þorgeirsson las upp reikninga félagsins.



3 Umræður um skýrslu formanns og reikninga

Jón Sigurðsson kaupm. í Straumnesi benti á að rangt væri að hann væri vara í stjórn, eins og formaður hefði getið um í skýrslu sinni. Hið rétta væri að Steingrímur sonur hans hafi verið kosinn.

Gunnar Snorrason ræddi ástand mála og sagði frá ýmsu sem gerst hefur undanfarið. T.d. hafi verið talað um greiðslu fyrir innkaupapoka, en vegna ósamstöðu hefði það mál ekki náð fram. Hann taldi nauðsyn á að K.Í stæði fyrir blaðaskrifum, sem svaraði hinum mikla áróðri sem ætíð dyndi á versluninni. Spurðist síðan fyrir, hvort nokkur launaskattur væri á störf kjötiðnaðarmanna og aðstoðarfólks þeirra, eða hvort stjórnin hafi nokkuð athugað þessi mál. Hann hafði athugað þetta mál og fengið þau svör að verslanirnar ætti ekki að greiða launaskatt af því fólki sem lagði út kjötiðnaði.
Valdimar Gíslason þakkaði hvatningarorð sem formaður hafði flutt félögum. „Hann á þakkir og hrós fyrir sín hvatningarorð. Hann starfaði fyrir félagið af krafti og heilindum.
Hreinn Sumarliðason flutti ábendingar um félagsstarf og fundaþreytu.

4. Kosningar
Kosinn formaður til eins árs.
Tillaga barst frá fráfarandi stjórn um Jón Júlíusson kaupmann í Nóatúni sem formann næsta starfsár.
Samþykkt samhljóða.

Tveir menn í aðalstjórn til 2ja ára.
Stungið upp á Jóhannesi Jónssyni og Guðmundi Júlíussyni.
Samþykkt samhljóða.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tveir menn í varastjórn til eins árs.
Stungið upp á Steingrími Jónssyni og
Þórði Jónssyni.
Samþykktir samhljóða.

Kosning fulltrúa og varafulltrúa í
Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands
Stungið upp á Gunnari Snorrasyni og til
vara Jóhannesi Jónssyni.
Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.
Jóhannes Jónsson, fráfarandi formaður óskaði
nýkjörinni stjórn velfarnaðar um leið og hann
þakkaði samstarfið á liðnu starfsári.

Fundarstjóri óskaði nýkjörinni stjórn og öllum
fundarmönnum velfarnaðar, og hvatti menn
til að sitja og gleðjast að góðu veitingar sem
væru komnar fram.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson
fundarritari.

[illegible]
fundarstjóri



Ár 1988, miðvikudaginn 2 mars kl 10⁰⁰ haldinn
stjórnarfundur í Félagi kjötverslana í húsakynnum
K.Í. í húsi verslunarinnar
Jón Júlíusson nýkjörinn formaður setti fund og
stjórnaði honum.
Fyrir var tekið.

1. Stjórnin skipti með sér verkum.

Stungið var upp á eftirtöldum:
Jóhannesi Jónssyni sem varaformanni
Júlíusi Jónssyni sem
Friðjóni Edvardssyni sem gjaldkera
og Guðmundi Júlíussyni sem meðstjórnanda.
Þeir samþykktir samhljóða.

2. Verðlagsmál

Menn ræddu verðlag og stöðu verslunargreinarinnar
og töldu eðlilegt að menn ræddu af hreinskilni
málin eins og þau lægju fyrir.
Síðan ræddu menn um verðlagsmál og verðlags-
kannanir og sameiginleg vörukaup til lækkunar á
vöruverði.
Stjórnin samþykkti að bera þau tilmæli
til stjórnar samtakanna að kannaður verði
rekstrarkostnaður verðlagsskrifstofa á norðurlöndum
þar með talið á Íslandi.
Rætt um útsölu akureyrarkjöts. (Ó flokkur[illegible] og frampartar) Samþykkt samhljóða.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson ritari.

Jón Júlíusson
[illegible] Jónsson
Jóhannes Jónsson
[illegible]
[illegible]
Gunnar Snorrason
[illegible]
Steingrímur Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1988 miðvikudaginn 16 mars kl. 14.00 haldinn stjórnarfundur í Félagi kjötverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar. Jón Júlíusson setti fund og stjórnaði.

1. Rætt um útsölu á kindakjöti.
Guðni Þorgeirsson sagði frá því að niðurlagsins hafði fengist húsnæði uppi á Höfða.
Formaður tók það að sér að útvega menn, sjóðvélar og djúpfrysta og stefnt er að því að sala hefjist í næstu viku.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari

Jón Júlíusson
Stjórnarmenn [illegible]
Júlíus Jónsson



Ár 1988 miðvikudaginn 19 október haldinn sameiginlegur fundur Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana í húsakynnum K.Í.
Kl. 13.30
Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum og umræðuefni hans var sala á plastburðarpokum.
Framkvæmdastjóri Magnús E. Finnsson hóf umræðuna og sagði frá hvað áður hafi gerst í málinu. Hann gat þess að Jóhannes Jónsson stjórnarmaður K.Í. hafi starfað að þessum málum fundanfarið og nú hafi skapast samstaða um málið.

Jóhannes skýrði frá viðræðum við forráðamenn S.Í.A., stórmarkaða og Landvernd og upplýsti að landverndarfólk væri orðið mjög meðvitað um hinn mikla vanda sem plastpokarnir eru orðnir í umhverfinu.
Hugsanlega verður verð pokanna kr. 6.00 og 3.00 eftir stærð, en þá fengi Landvernd kr. 2,50 og 1,25 í sinn hlut.
Hyggði hann síðan hugmyndum Landverndar til að vinna samið félksins, en þeir munu hefja áróður í öllum skólum og fjölmiðlum. Allir stóru aðilarnir telja þetta vera gott mál og vilja standa saman um að koma því í framkvæmd.
Hann hvatti félagana til samstöðu um þetta mikilsverða mál.
Jón Júlíusson tók undir hvatningarorð Jóhannesar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirtaldir tóku til máls og báru fram ýmsar fyrirspurnir um kynningu og áletrun eða stimplun pokanna.
Jón Sigurðsson, Ólafur Kristjánsson, Þór Bragason, Sigrún Magnúsdóttir, Sigurður Gunnarsson og Hreinn Sumarliðason
en Jóhannes og Jón Júlíusson svöruðu.

Málið síðan borið upp og samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Fundarstjóri hvatti félagana til að selja birgðir sínar af gamla dilkakjötinu, sem lækkaði 13 okt. s.l. um 7% í heildsölu og senda talningu inn til K.Í. sem fyrst.
Ræddu menn síðan um sparnað í rekstri. Þar með talið samstarf um að minnka kostnað af greiðslukortum og hvað það er mikilvægt að láta deila rafmagnsálagi niður á kassana, en Þór Bragason lýsti því hvað þetta gæti lækkað kostnað.
Jóhannes sagði frá fyrirhugaðri ferð kaupmanna til Kaupmannahafnar á vegum K.Í.

Jón Júlíusson, sagði frá því, að hann og Ingibjörn Hafsteinsson formaður Félags matv. vildu koma á almennum fundi félaganna um ástand mála og væri hann nú í undirbúningi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið
Guðni Þorgeirsson fundarritari.



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í félagi Kjötverzlana var haldinn miðvikudaginn 16. nóv 1988. Kl. 13$\underline{30}$ í húsnæði K.Í. húsi Verzlunarinnar.

Formaður stjórnar Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.

Bauð hann fundarmenn velkomna og sérstaklega fulltrúa frá framleiðsluráðinu Auðunni.

Jón Júl hóf mál sitt á umræðu um sölu á frampörtum eldra kjöts, og nefndi að komið væri grænt ljós á greiðslu auglýsingakostnaðar sem næmi c.a. kr 2.- á kíló.

Síðan vakti hann máls á því að upplýst væri að einhverjir hefðu fengið afgreiðslu á ósöguðu kjöti sem gaf möguleika á að misnota sér kjötið þannig að hluti þess færi í reykhús og kæmi svo aftur á markaðinn sem hangiframpartar í stað útsölukjöts.

Auðunn svaraði því til að einungis ein verzlun hefði beðið um þetta og fengið þar sem þeir sem eiga að sjá um sögun og pökkun hafi ekki undan.

Ég á hinsvegar að líta eftir þessu sagði hann og í gær fékk hann 100 skrokka og þar af fóru 50 strax beint í borðið!

Júlíus Jónsson benti á að í vor þegar



útsalan var þá hefðu þeir hjá framleiðsluráðinu viljað hafa þennan hátt á, að saga niður sjálfir og nú verði þeir að tryggja að ekkert fari í bitunum ósagað.

Auðunn viðurkenndi það og sagði síðan að reynslan frá í vor þegar þeir byrjuðu með 30 tonn á lager sem entust í 4 daga, hefði sagt þeim að byrja nú með minnst 60 tonn.

Ég var hinsvegar fjarverandi nú og þeir byrjaðu aftur með 30 tonn og lentu svo strax í afgreiðsluvandræðum.

Þessvegna var samþykkt að leyfa sölu á ósöguðu gegn því að ég fylgdist með.

Þórður Jónsson benti á að ósölun „sumra" í ósagað benti til hugsanlegrar misnotkunar

Jón Júl lagði áherzlu á að afgreiðslu á ósöguðu yrði hætt og að ef eitthvað ætti að leyfa hjá framleiðsluráðinu þá ættu þeir að hafa um það samvinnu við okkur hjá K.Í. Við höldum um púlsinn. Rætt var um auglýsingar.

Auðunn: Krónurnar til ykkar gætu orðið um 500 þús – (280 tonn)

Kreimn: Vakti athygli á nýjum samningum K.Í við Rikisútvarpið um augl. pakka.

Auðunn: Ég fer með ykkar boðskap,

Þórður: Er það tryggt að þetta verði stoppað?

Jón Júl: Viltu athuga hve mikið hefur farið út af þessu kjöti og hafa svo samband við mig

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðdunn: þeir hjá framkvæmdanefnd bei vera samninga þ.e. fulltrúar frá fjármálaráðuneyti – landbúnaðarráðuneyti og Bændasamt. hafa verið með þessi mál öll til umfjöllunar.

Ráðuneytið tekur að sér ákvarðanir en þeim hefir yfirsést varðandi undirbúninginn. Kynningarprósentan er of lág núna en í vor var hún talin of há.

Varðandi þennan eina aðila sem við höfum rætt um að hugsanlega myndi misnota sér ósagat – þá var það almennt álit að hann hefði ekki bolmagn til að staðgreiða og geyma svo kjötið reykt til jóla.

Niðurstaða að samráð sé og hafi verið til góðs – og því verði haldið áfram.

Fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritar.



Stjórnarfundur í félagi kjötverzlana var haldinn miðvikudaginn 18. janúar 84 kl. 14⁰⁰

Formaður stjórnar Jón Júlíusson setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið.

1. Ákveðið að halda aðalfund félagsins 26 janúar n.k. kl. 20³⁰. Þorramatur verður í boði Nóatúns.

2. Sagt frá tilboði Hilmars Jónssonar matreiðslumeistara um að halda námskeið í meðferð og skreytingu kjöts í kjötborðum verzlana svo og varðveizlu kjöts eftir lok söludags.
Samþykkt að kynna þetta tilboð á aðalfundi félagsins n.k.

3. Önnur mál – Kjötverð – umbúðir – upplýsingar um birgðastöðu, frá framleiðsluráðinu – sameining kjöt-mat – plastpokarnir að þeir verði merktir og plakat komi fyrir verzlanir sem sýni skiftingu gjaldanna – Nauðsyn komi álagn. á mjólk og kjöt. Fleira ekki fyrirtekið fundi slitið.
Hreinn Sumarliðason ritar.

Jón Júlíusson

Júlíus Jónsson

[illegible]

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aðalfundur 1989.

Ár 1989 fimmtudaginn 26 janúar kl $20^{30}$ haldinn aðalfundur Félags kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.
Formaður Jón Júlíusson setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson fundarritara. Hann minntist látinna félaga og bað viðstadda að standa upp í þeirra virðingu. Hann bauð gesti velkomna en þeir voru Sigurður E. Haraldsson fyrrv. formaður K.Í. og Guðmundur B. Ólafsson fulltrúi markaðsnefndar Framleiðsluráðs

Þá var gengið til dagskrár:

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar. svohljóðandi:

1 Velkomnir, góðir fundarmenn. Bið ykkur alla velkomna.
2 Áður en gengið er til dagskrár, þykir mér hlíða að minnast látinna. (fundarmenn rísi úr sætum).

Síðasti aðalfundur Félags kjötverslana var haldinn 4. febrúar 1988. Fundarstjóri var Hreinn Sumarliðason og fundarritari Guðni Þorgeirsson.
Á þessum fundi var Jón Júlíusson kosinn formaður til eins árs, en aðrir stjórnarmenn þeir:
Jóhannes Jónsson, Guðmundur Júlíusson, Júlíus Jónsson og Friðjón Edvardsson.
Í varastjórn voru kosnir:
Steingrímur Jónsson og Þórður Jónsson.
Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var kosinn, Gunnar Snorrason og til vara Jóhannes Jónsson.
Fund þennan sóttu 27 aðilar.

Hinn 2. mars var haldinn fyrsti stjórnarfundur hinnar nýju stjórnar og þar var Jóhannes Jónsson valinn varaformaður og Friðjón Edvardsson gjaldkeri.
Á starfsárinu hafa verið haldnir 4 bókaðir stjórnarfundir og 6 bókaðir sameiginlegir stjórnarfundir með stjórn Félags matvörukaupmanna, einnig 1 fundur með stjórnum Félags matvörukaupmanna, Félags kjötverslana og Félags söluturna-eigenda.
Þá hafa formaður og fulltrúi félagsins setið fulltrúaráðsfundi K.Í. og varaformaður auk þess marga fundi framkvæmdastjórnar.

Á öllum þessum fundum höfum við eftir bestu getu, gætt hagsmuna félagsins og félagsmanna, svo sem kostur hefir verið hverju sinni.

Fjölmörg mál hafa að sjálfsögðu verið þarna til umfjöllunar, en einnig í viðtölum við starfsfólk K.Í. og eru slíkir fundir eðli málsins samkvæmt ekki taldir hér með eða bókfærðir.

Af málum þeim sem hafa verið til meðferðar má nefna:
Verðlagsmál
Verðkannanir

- 2 -

Útsala á dilkakjöti
Útsala á smjöri

<u>Verðlagsmál.</u>

Eins og við öll vitum er álagning á landbúnaðarvörum allt of lág og hefur það gert matvöruverslunum erfitt fyrir um rekstur sinn. Allar vörur sem ekki bera 20% álagningu er dreift undir kostnaðarverði.
Nú hefur staðið yfir verðstöðvun í 5 mánuði og er 1 mánuður, þar til henni lýkur, ef henni lýkur, kannski verður hún framlengd.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef henni lýkur, sem við skulum vona, þurfum við kaupmenn að gera átak í því að fá álagningshækkun á mjólk, osti, smjöri og dilkakjöti í heilum skrokkum.
Að mínu mati þurfum við í þessu máli að hafa samstarf við KRON og Hagkaup, hvað þessi mál varðar, til þess að geta frekar náð fram árangri.
Ég held að framleiðsluaðilar í þessum greinum séu okkur velviljaðir, jafnvel skilningsríkir, vegna þess að þeir sjá að verslanir okkar lenda í vanskilum með greiðslur til þeirra ef álagning er svo lág að hún stendur ekki undir dreifingarkostnaði.
Þá bauð S.S. nýja línu undir heitinu Búrfell - betra verð og hefur þessari nýbreytni þeirra verið vel tekið af kaupmönnum, og er þeim færðar þakkir fyrir þessa nýjung sína.

Útsala á kjöti.

Í marsmánuði 1988 byrjaði útsala á kjöti frá árinu 1986, ca. 280 tonn.
Þetta var 0.flokkur, frampartar kg.kr.150.-, kjöt þetta var ekki selt í búðum, heldur var útsalan í sérstöku húsi, seld voru 10 kg. í kassa, kjötið seldist upp fljótlega.
Allur kostnaður var greiddur úr ríkissjóði. Kjötverð var þá 326 kr - 150 = 176 kr. verðmismunur.



2. útsala á dilkakjöti var í október, var það einnig 0. flokkur kg.kr.169.-
3. útsala er núna væntanleg og getur lækkun orðið um 23%, ef svo verður sem horfir.

Nú finnst mér vera komin upp sú staða, hvort útsölur og miklar niðurgreiðslur á það kjöt skemmi fyrir heildsölu á kjöti og hvaða tilgangi það þjóni, fær heildsalan einhvern hagnað af þessu? Hvert fara lærin sem búið er að saga af skrokkunum, áður en þeir eru seldir. Þessar útsölur gera okkur kjötkaupmönnum oft erfitt fyrir og dregur úr sölu á öðru kjöti, svo sem svínakjöti, fuglakjöti, nautakjöti o.fl.



Þetta skekkir söluhlutfall á þeim tíma sem útsalan stendur yfir og jafnvel lengur. Gamalt kjöt sem sett er á útsölu, getur verið 12-16 mánaða gamalt, sumt af því er gott kjöt, en annað getur verið þurrt og jafnvel þrátt og getur því fælt fólk frá slíkum kjötkaupum.
Á síðustu útsölu áttu kaupmenn að fá 8% fyrir að selja kjötið og hefur það ekki gerst öllu lægra.
Með viðtölum við ráðamenn í þessum efnum, var hægt að fá þessu breytt í 10% og vilyrði fyrir auglýsingakostnaði, en til auglýsingar við söluna á þessu kjöti voru áætlaðar kr. 500 þúsund og á eftir að koma í ljós hvað við fáum af því.

Smjörútsala.

Fyrir jólin var lítið magn af smjöri sett á útsölu, þar átti álagning til okkar einnig að lækka.
Var farið og rætt við ráðamenn hjá Osta- og smjörsölunni og fékkst það leiðrétt. Jafnframt var þeim látið í té tafla sem sýndi hærri álagningu á smjöri 17% og var ekki hægt að segja annað en því væri vel tekið og verður það nú eitt af baráttumálum okkar þegar verðstöðvun lýkur.



Verðkannanir.

Þær hafa verið okkur matvörukaupmönnum þungar í skauti og fullyrði ég að engir kaupmenn hafa verið eins hundeltir með verðkannanir og matvörukaupmenn, bæði af Verðlagsstofnun og blaðaútgefendum, sem þurfa að selja blöð sín og við erum dreifendur að og dreifum þannig um okkur áróðrinum, sem þessir menn setja fram í blöðum sínum. Jafnvel gengur þetta svo langt að ef ein verslun hefur verið svo óheppin að sykur kg. væri dýrara en hjá öðrum kaupmanni, birtist gjarnan mynd af búðinni sem seldi sykurinn. dýrari
Þessi frjálsa samkeppni sem búið er að vera að berjast fyrir um áraraðir hefur nú haldið innreið sína þeim aðilum til stórtjóns sem ekki hafa haft innflutning og smásöluverslun samtímis.
Þegar álagning í heildsölu er orðin sú sama eða meiri en í smásölu, er ekki von að vel fari hjá smásölunni.
Ef verðkannanir eiga að vera marktækar þarf að taka þær af marktækum aðila.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Sala plastpoka.

Sala plastpoka hófst 2. janúar og stóð í 5 daga, allir sammála um að selja pokana, en það fór illa, sennilega ekki nógu vel frá hnútum gengið.
Salan mun að öllum líkindum hefjast aftur 1. mars n.k.

## Credit-kort -VISA.

Þessi verslunarmáti hefur nú staðið hér í nokkur ár og er orðinn fastur í sessi og verður ekki aftur snúið. Hinsvegar þarf löggjafinn að setja reglur um notkun greiðslukorta og leggjum við sterka áherslu á að sá sem tekur lán hann borgi lántökugjaldið, en ekki sá sem lánar.
Sem sagt kortin verði Debet en ekki Kredit, sá sem tekur lán hann borgi, en ekki sá sem lánar.



Ef ég tek út á ~~nýtt~~ *mitt* kort í London 100 pund þá borga á sjálfur til bankans hér heima.
En ef ég versla í matvöruverslun fyrir kr. 1000.- þá borga ég ekki fyrir að fá lánið, heldur kaupmaðurinn sem er að lána, furðulegt fyrirbrigði þetta, en það gerist samt þó öfugsnúið sé og allt fyrir samstöðuleysi okkar kaupmanna.
Það voru fáir matvörukaupmenn í byrjun sem byrjuðu að taka kortin.
Afleiðingin hefur ekki látið á sér standa, það fara hundruð milljóna frá kaupmönnum yfir í kortafyrirtækin.

## Eiginfjárstaða kaupmanna.

Þá er eiginfjárstaða kaupmanna í matvöru bágborin og það sést best á því að margar stórar verslanir í okkar grein hafa orðið að gefast upp, orðið gjaldþrota. Margir hafa þannig misst aleigu sína, því miður, og geta eflaust sjálfum sér um kennt, þegar álagning er ekki látin standa undir dreifingarkostnaði.



En kaupmenn eru þrautseigir menn og þegar þeir hafa sett eitt fyrirtæki í gjaldþrotaskipti, standa þeir upp tvíefldir, flytja sig í aðra verslun, byrja á sömu vitleysunni og heita þá gjarnan Prímus mótors, þessum viðskiptaháttum halda heildsalar uppi að hluta til.
Um þetta mætti fara mörgum og fleiri orðum og gefst ykkur fundarmenn góðir, kostur á að ræða það hér á eftir.
Skuldavandi fyrirtækja hjá okkur eiga það sameiginlegt með ríkisfyrirtækjum ýmissa þróunarlanda að fyrirtækin taka lán til framkvæmda og reksturs sem ekki skila nægum arði til að standa straum af vöxtum og afborgun skuldarinnar. Það gefur ekki góða raun og því fer oft illa.
Ef raunvextir eru ~~minn~~*Nei*kaðir er þetta hægt, en síðan sparifé varð verðtryggt 1979 og vextir af lánum urðu jákvæðir, gengur þetta ekki upp lengur.
Ef fjárfesting ber ekki nægan arð, komast fyrirtæki í þrot fyrr eða síðar. Það er einmitt þess vegna sem kaupmenn þurfa að hækka álagningu sína, þar sem kostnaður við



dreifingu á vörum er kominn upp fyrir meðal álagningu.
Meðal álagning var á árinu 1987 um 20%, en kostnaður við reksturinn er um 18% og hefur hækkað síðan.
Skattar á verslanir hafa nú verið hækkaðir til muna svo að horft getur til vandræða hjá matvörudreifingunni sem nú berst í bökkum og er nánast á vonarvöl.

Góðir fundarmenn, að lokum þakka ég samstjórnarmönnum mínum svo og starfsfólki K.Í. fyrir samstarfið á árinu.

Jón Júl.
sign.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Reikningar félagsins

Guðm. Þorgeirsson las upp reikningana en niðurstaða þeirra var kr 54.870.[00] –

Þá fóru fram umræður um skýrslu stjórnarinnar og reikningana.

Framkvæmdastjóri KÍ. Magnús E. Finnsson greindi frá ýmsu sem snertir rekstur kjötverzlana í dag, sérstaklega gat hann um könnun á sölukostnaði landbúnaðarvara, sem hefir verið unnin af ráðgjafarstofnunni Rádgarði í samráði við Hagkaup – SÍS – og Kron.

Ennfremur ræddi hann um kortaverzlun.

Gunnar Snorrason ræddi álagningarmál og sagði verzlunarþóknun allt of lága. Hann ræddi einnig kreditkortaviðskiptin sem hann taldi óhagstæð og nefndi síðan óeðlilega sérsköttum á verzlunarhúsnæði. Hann gagnrýndi framkvæmd verðkannana.

Þá gerði hann að umtalsefni hugmyndir sem heyrðust nefndar á síðasta fulltrúaráðsfundi um að samstarfsráð verzlunarinnar væri að kanna möguleika á sameiningu KÍ – FÍS – og VÍ. Bað Gunnar, framkvæmdastjóra KÍ að gefa upplýsingar um þau mál.

Gunnar lýsti sig algjörlega mótfallinn sameiningu og ítrekaði að þeir hjá FÍS og VÍ töluðu alls ekki sama mál og við hjá KÍ. Hann gagnrýndi síðan nokkur atriði úr síðustu samningum við V.R.



Magnús framkvæmdastjóri svaraði því til að samkvæmt tillögu FÍS hefði þessi umræða um sameiningu samtakanna þriggja farið í gang, og það hefði verið talið rétt af forráðamönnum félagasamtakanna að taka þátt í þessari umræðu.

Síðan ræddi hann um hugmyndir að því að sameina sérgreinafélög KÍ í Rvk í eitt Kaupmannafélag Rvk.

Þorvaldur Guðmundsson talaði um verðlagningu og góða umönnun kjötvara. Hann þakkaði Gunnari fyrir að vekja máls á sameiningartillögum FÍS. – KÍ – og VÍ – og lýsti sig algjörlega mótfallinn sameiningu.

Reikningarnir voru nú bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Kosningar:

Formaður félagsins til eins árs var endurkjörinn Jón Júlíusson c/o Nóatún.

Meðstjórnandi til eins árs í stað Jóhannesar Jónssonar sem baðst lausnar – var kosinn Jens Ólafsson c/o Grundarkjör. Kóp.

Tveir meðstjórnendur til 2ja ára, voru kosnir Hörður Jónsson c/o Breiðholtskjör og Júlíus Jónsson c/o Nóatún. Frá aðalfundi í fyrra er í stjórninni Guðmundur Júlíusson.

Varastjórnendur voru kosnir þeir Sveinn Christensen c/o Kjöthöllin og Garðar Guðjónsson c/o S.S.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð KÍ, var kosinn Gunnar Snorrason og til vara Hörður Jónsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðendur:
Markús Sigurðsson og Jón Sigurðsson.

4. Önnur mál.

Fyrstur tók til máls Jón Sigurðsson. Hann spurðist fyrir um endurgreiðslu á kjöti vegna verðlækkana í okt sl. Enn fremur um kjarasamninga og sérstaklega ákvæði er snerta frí starfsfólks vegna álags í desember en einnig um uppsagnarfrest.

Auðunn Ólafsson talaði um að gott samstarf hefði verið milli þeirrar stofnunar sem hann vinnur fyrir (framleiðsluráð) og kaupmanna og vænti þess áfram.

Hann ræddi síðan um framkvæmd verðlækkana og meðferð birgða.

Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum Jóns Sigurðssonar varðandi uppsagnarfrestinn sem er óbreyttur frá því sem var.

Sigurður E. Haraldsson fyrrverandi form. KÍ þakkaði fyrir boð til fundarins og óskaði nýkjörinni stjórn heilla. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að matvörukaupmenn væru uppistaðan í KÍ. Hann tók síðan mjög ákveðið undir mótmæli þeirra Þorvaldar Guðmundssonar og Gunnars Snorrasonar á því að til greina kæmi að sameina KÍ - FÍS og VÍ - hann sagði það sitt álit að ekki ætti svo mikið sem ræða þennan samruna.

Jóhannes Jónsson tók næstur til máls og taldi hann að KÍ ætti ekki að fara



í neinn samruna við FÍS - VÍ -

Hann sagðist nú vera að hætta í stjórninni og vildi því nota tækifærið og þakka samveruna.

Valdimar Gíslason þakkaði fyrir sóma og höfðinglega gjöf til sín á 80 ára afmælinu, svo og vinsemd til margra ára og síðan óskaði hann félaginu alls góðs.

Að endingu þakkaði nýendurkjörinn formaður Jón Júlíusson, fyrir góðar óskir til sín og meðstjórnarmanna sinna.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til ~~þess~~ að hann og ritari gengju frá fundargerð. Umræðum lauk og fundi slitið kl. 22^30^

Að loknum formlegum fundi bauð Nóatún h.f. uppá reyktan og grafinn lax ásamt fleira góðgæti og sátu menn í góðu yfirlæti við spjall o.fl. um sinn.

Hreinn Sumarliðason, fundarstjóri

Skráð eftir lausblaðahandriti Guðna Þorgeirssonar, ritara.

Ár 1989 mánudaginn 27 febrúar haldinn stjórnarfundur í Félagi kjötverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar kl 13⁰⁰

Formaður Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.
Fyrir var tekið.

1. Stjórnin skipti með sér verkum.

Stungið var upp á eftirtöldum.
Varaformaður Þórður Jónsson
Ritari Jens Ólafsson
Gjaldkeri Guðm. Júlíusson

Samþykkt samhljóða.

2. Rætt um tilnefningu á aðalfundarfulltrúum
Ákveðið að tilnefningu ljúki fyrir vikulokin.

3. Rætt um lækkun á ostaverði.
Ákveðið hafði verið að selja 15 tonn af osti á tilboðsverði en síðan var það aukið í 25 tonn. Ostasalan taldi að rétt væri vegna verðstöðvunarlaga að kaupmenn héldu sömu krónutölu, sem þýðir tekjutap fyrir verslunina um kr 5.⁰⁰ pr. kg.
Ákveðið að boða Óskar Gunnarsson forstjóra og Kristinn Guðnason sölustjóra á fund til okkar, til að ræða verðlagsmálin

4. Endurgreiðsla á söluskatti af kjötbirgðum.
Þórður Jónsson ræddi málið og dró fram dæmi.



Ákveðið að fara á fund til Framleiðsluráðsins til að fá upp reiknireglur sem þeir nota og ræða þessi mál.

5. Rætt um sölu plastpoka, sem hefst eftir tvo daga.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson ritari.

Ár 1989 miðvikudaginn 29 mars kl 14⁰⁰ haldinn sameiginlegur stjórnarfundur Félags matvörukaupm. og Félags kjötverslana.
Formaður félagsins Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:
1. Fulltrúar kjúklingabænda ræddu um dreifingu á afurðum þeirra.
2. Kjötfarskönnun neytendasamtakanna.
3. Aðalfundur K.Í.
4. Frumvarp til laga um greiðslukort.
5. Skýrt frá viðræðum við forráðamenn Osta og smjörsölu
6. Framhjásala heildsala og þar með talið Ríkisskip.

Fundargerðin er rituð af Hreini Sumarliðasyni í sameiginlega fundargerðabók félaganna.

Guðni Þorgeirsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1989 þriðjudaginn 23 maí kl. 10⁰⁰ f.h. haldinn fundur í Félagi kjötverslana og Félagi matvörukaupm. Formaður Félags matvörukaupmanna Júlíus Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fundarefni var í þrem liðum.
1. Verðlagning landbúnaðarvara
2. Rannsóknarþjónusta fyrir verslanir.
3. Endurvinnsla á áldósum

Fundargerð er rituð í sameiginlega fundargerðarbók þessara félaga af Guðna Þorgeirssyni

Guðni.



Ár 1989 mánudaginn 29 maí kl 10⁰⁰ haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupm. og Félagi kjötverslana.
Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.
Rætt var um móttöku á tómum gosdrykkjadósum og kaup á hlutabréfum í Endurvinnslunni h/f.

Fundargerð var rituð af Guðna Þorgeirssyni í sameiginlega fundargerðarbók félaganna

Guðni Þorgeirsson

Ár 1989 fimmtudaginn 22. júní kl. 11⁰⁰ f.h. haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í
í Félagi kjötverslana og Félagi matvörukaupm.
Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.
Tveir gestir, fulltrúar Rannsóknarþjónustunnar, mættu á fundinum.
Rætt var um hreinlætis- og rannsóknarþjónustu fyrir verslanir auk verðlagningu á ýmsum söluvarningi mat og kjötvöruverslana.

Fundargerðin var rituð af Guðna Þorgeirssyni í sameiginlega fundargerðarbók félaganna.

Guðni Þorgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1989 fimmtudaginn 13. júlí haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum Félags kjötverslana og Félags matvörukaupmanna, kl. 11:00 fh. í húsi verslunarinnar.

Jón Júlíusson formaður Félags kjötverslana setti fundinn og stjórnaði honum.
Rætt var um tilboð Rannsóknarþjónustunnar hf. og samþykkt tillaga þar að lútandi.
Þórður Jónsson í Versl. Breiðholtskjöri var skipaður í eftirlitsnefnd á vegum kjötmatsins.
Síðan var rætt um útsölu á dilkakjöti, endurvinnslu á einnota umbúðum og öryggis- og þjófavarnarkerfi fyrir verslanir.

Fundargerðin var rituð af Guðna Þorgeirssyni í sameiginlega fundargerðabók félaganna.

Guðni Þorgeirsson.
Sign.



18.9.1989. Var haldinn sameiginlegur stjórna-fundur F.M.R og F.K.

Á dagskrá var umræða um álagningu á mjólkurvörur og um móttöku einnota umbúða.
Fundargerð er skráð í bók um sameiginlega fundi.

Innfært 2/10 '89 að beiðni G. Þorgeirssonar.

Hreinn Sumarliðason

Árið 1989, mánudaginn 6 nóvember, kl. 20:30, var haldinn sameiginlegur fræðslufundur Fél. matvörukaupmanna, Fél. kjötverslana og Fél. söluturnaeigenda.

Á dagskrá var umfjöllun um virðisaukaskattsreglurnar sem á að taka upp um næstu áramót.

Fundargerð er skráð í sameiginlega fundargerðabók Fél. matvörukaupmanna og Fél. kjötverslana og vísast til hennar.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Hreinn Sumarliðason, fundarstjóri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 29. nóv 1989 var haldinn Sameiginlegur stjórnafundur FMR og FK.

Á dagskrá voru umræður um útsölukjöt – endursöluverslun – Sórt – Samkeppni ofl.

Fundargerð er skráð í bók um sameiginlega fundi

Hreinn Sumarliðason ritar



# Aðalfundur 1990.

Árið 1990 fimmtudaginn 8 mars kl 20 30 haldinn aðalfundur Félags kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar. Formaður Jón Júlíusson setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson fundarritara. Hann minntist látinna félaga og þá sérstaklega Þorbjörns Jóhannessonar fyrrverandi formanns félagsins til margra ára, en hann verslaði í kjötbúðinni Borg á Laugavegi 78. Þorbjörn Jóhannesson var sæmdur gullmerki Kaupmannasamtaka Íslands árið 1970.
Hann bað félaga að standa upp í virðingarskyni við hinn látna og minnast með því mætti góðs félaga.
Hann bauð gesti velkomna en þeir voru Gísli Blöndal frá KRON og Miklagarði og Sigurður E. Haraldsson fyrv. formaður K.Í og Félags Vefnaðarvörukaupmanna.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar og var hún svohljóðandi.

Góðir fundarmenn, ég býð ykkur öll velkomin til þessa aðalfundar sem er fundur félags kjötverslana. Gestir

Aður en gengið er til dagskrár þykir mér hlíða að minnast látinna félagsmanna. Ég minnist sérstaklega Þorbjarnar Jóhannessonar kaupmanns í kjötbúðinni Borg, en hann lést 4. júlí síðastliðinn eftir langan viðburðarríkan ævidag. Hann var afar litríkur persónuleiki, sem mótaði umhverfi sitt eftirminnilega. Hann var í mörg ár formaður félags kjötverslana. Þorbjörn var sæmdur Gullmerki K.Í. 1970. fyrir unnin störf í verslunarinnar þágu. Af Þorbirni hlóðust margháttar trúnaðarstörf. Með honum er genginn mikill athafnamaður og dugnaðar maður.
Ég bið fundarmenn að votta látnum félögum okkar virðingu með því að rísa úr sætum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síðasti aðalfundur félags kjötverslana var haldinn 26. janúar 1989. Þar var Jón Júlíusson kjörinn formaður og aðrir í stjórn voru;

Stjórnin skipti með sér verkum þannig;
Þórður Jónsson varaformaður
Jens Ólafsson ritari
Guðmundur Júlíusson gjaldkeri
Guðjón Guðjónsson meðstj.
Sveinn Oristensen meðstj.
Markús Sigurðsson endursk.
Jón Sigurðsson varaendursk.

Stjórnin hélt 12 fundi á árinu 1989. Á öllum fundum voru rædd þau málefni sem hæst brunnu á okkur kaupmönnunum hverju sinni, svo sem lækkun álagningu bæði á ostum kjöti kjúklingum og dreifingunni í heild.
Þá var rætt um að gera reiknilíkan af verslun þannig að verslun sem seldi vörur fyrir kr. 10 milljónir kæmi út með því að gefa afslátt 5% og sleppa kreditkortum, hafa hvorutveggja og þess háttar.
Helgi Baldursson vinnur nú að þessu verkefni.

VERSLANIR KAUPMANNA.

Verslanir kaupmanna hafa skipt um eigendur oftar á síðasta ári en nokkru sinni fyrr. Sumar heita tveimur nöfnum í mánuði og aðrar eru lokaðar 2var sinnum í mánuði vegna skulda og eigendaskipta. Þetta eru nú oft verslanir sem Háskólamenntaðir menn hafa umráð yfir eftir einhverju pappírsleiðum Sem eru eigendur pappíranna. Einn í dag og annar á morgun en þetta getur alltaf gengið. Heildsalar láta vörur af hendi og halda búðum þannig gangandi. Það er alveg merkilegt hvað þeir geta tapað lengi. Dæmi: Kjötmiðstöðin no 1, í Garðabæ, verslaði í 300 daga. Sagt er að tapið sé nálægt 400 milljónum eða um 1.3 mill. pr dag. Hvernig má þetta ske, nú en það koma bara aðrir. Sá var no 2 og nú er kominn sá þriðji og alltaf tapa blessaðir heildsalarnir. Það er nú meira hvað þeir eru gjafmildir.

EIGINFJÁRSTAÐA KAUPMANNA

Þá er eiginfjárstaða kaupmanna í matvöru bágborin og það sést best á því að margar stórar verslanir í okkar grein hafa orðið að gefast upp, orðið gjaldþrota. Margir hafa þannig misst aleigu sína, því miður, og geta eflaust sjæalfum sér um kenn, þegar álagning er ekki látin standa undir dreifingarkostnaði. Um þetta mætti fara mörgum og fleiri orðum og gefst ykkur fundarmenn góðir, kostur á að ræða það hér á eftir.
Skuldavandi fyrirtækja hjá okkur eiga það sameiginlegt með ríkisfyrirtækjum ymissa þróunarlanda að fyrirtækin taka lán til framkvæmda og reksturs sem ekki skila nægum arði til að standa straum af vöxtum og afborgun skuldarinnar. Það gefur ekki góða raun og því fer oft illa.
Ef raunvextir eru neikvæðir er þetta hægt, en síðan sparifé varð verðtryggt 1979 og vextir af lánum urður jákvæðir, gengur þetta ekki upp lengur.
Ef fjárfesting ber ekki nægan arð, komast fyrirtæki í þrot fyrr eða síðar.

MARKMIÐ KAUPMANNA

Nú er plúsmarkaður - 10 markaður og - markaður og bónus. Allir ætla þessir ágætu menn að versla á sem ódýrastan hátt og hafa þess vegna haft vit á því að selja sem minnst af landbúnaðarvörum og eigandi Bónus búðanna þekkir þetta manna best af fenginni reynslu um margra ára skeið hjá vel þekktu bændafyrirtæki S.S. sem nú hefur endanlega gefist upp á að selja eigin framleiðslu í smásölu. Því ber að fagna að einstaklingur tók þá verslun á leigu svo hún lendir ekki hjá risunum 2, Hagkaup eða Nýja-Kron.

SAMSK. K.Í. HAGKAUP OG NÝJA KRON

Kaupmenn þurfa að eiga góð samskipti með þessum stóru aðilum. Það hefur synt sig. Ég átti tal við framkvæmdastj. K.Í. um að koma á fundi með okkur Hagkaup og Kron mönnum. Hann gerði það fljótt og vel. Fundinn sátu Magnús E Finnsson, Jón Júlíusson Þröstur Ólafsson og Jón Ásbjörnsson við ræddum þar um lafgæringu á dreifingarkostnaði landbúnaðarvara. Allir voru sammála um að reyna að lagfæra hlut okkar. Viti menn með vinnu og réttum aðferðum tókst það. Ég tel hlut allra hafa verið mjög góðan í þessu samstarfi.
En viti menn, það stóð ekki á kaupmönnum að byrja strax að rífa niður unnin verk t.d. með því að lækka mjólkurverð og þeir sögðust ætla að létta undir með heimilunum á þessum þrengingar tímum. Og ekki vantaði forsætisráðherra minni í þetta skipti. Athuga með að lækka þetta um helming fyrir og umtal kaupmanna. Ég hélt að við kaupmenn værum lausir við niðurrisfsöfl en svo var ekki en ég vona að svo sé núna. Menn séu farnir að sjá að sér menn sem nú standa í smásölu hafi lært af reynslu sinni. Reynslan er sem sagt oft besti skólinn.

OSTAR OG SMJÖR

Stjórnin hefur verið í viðræðum um þettan hlut okkar. Ráða menn ymsir taka vel í þetta, telja og eru sammála um að gera hlut smásölunnar betri því ella geti smásala ekki staðið í skilum með greiðslur. Agóða - hlutur smásölu í ostum og smjöri er afar lár. Lægstur á ostum 6% og hæstur 17% smjör 11%. Mjólkurálagning lækkaði á árinu enda fundu kaupmenn sjálfir upp á því að lækka hana.

ÁLEGG

Kaupmenn kaupa pakkað álegg hjá kjötheildsölum. Hjá sumum þeirrra eru umbúðir ekki vegnar þegar áleggi er pakkað í bréf, en verslanir kaupa svo 20 bréf þá eru þau látin í plastpoka og hann vigtaður í einu lagi. Sem þyðir að heildsalinn vigtar umbúðir til verslunarinnar og þær þannig borgaðar en þegar áleggið er selt í verslunum selur verslunin aðeins innihaldið. Þetta þurfa kaupmenn að athuga. Eins er með umbúðir á kjötskrokkum. Plastpoki grisja og klaki. Kaupmaður klæðir skrokkinn úr umbúðunum og fær ekkert fyrir þær en heildalinn hefur selt þetta til verslunarinnar. Hlutur verslunarinnar minnkar þannig getur hlutur smásalans minnkað verulega. Við syndum þessar umbúðir hér á fundum í fyrra og þótti ymsum mikið og ganglegt að sjá þær.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KREDITKORT - VISA/EURO

Þessi verslunarmáti hefur nú staðið hér í nokkur ár og er orðinn fastur í sessi og verður ekki aftur snúið. Hins vegar þarf löggjafinn að setja reglur um notkun greiðslukorta og leggjum við sterka áherslu á að sá sem tekur lán hann borgi lántökugjaldið, en ekki sá sem lánar.

**Því miður getum við kaupmenn ekki og vildum ekki beita okkur fyrir sölu á "Lambakjöti á lágmarksverði" 1. desember 1989 vegna þess að svonefndur samstarfshópur um sölu á lambakjöti hafði ekki staðið við þau loforð sem okkur höfðu verið gefin.**
**En þau voru:**

1. **Að þeir Þórhallur Arason og Níels Árni Lund höfðu lofað okkur í matarboði í Veitingahöllinni að við fengjum hærri álagningu en 12% þegar heildsalinn fær yfir 20%, einnig vilyrði fyrir því að kjötkaupmenn fengju mann í samstarfshópinn ef hægt væri.**

2. **Þeir atburðir höfðu gerst að einn aðili í samstarfshópnum hafði látið flytja kjötsagir í ákveðna verslun og látið saga fyrir þá verslun kjöt á meðan aðrar verslanir fengu ekki kjöt til sölu. Þetta er ófyrirgefanlegt og má alls ekki endurtaka sig.**

**Samstarfshópurinn hefur ekki viljað hafa góða samvinnu við kaupmenn. Okkur kaupmönnum voru afhendir listar til útfyllingar til að auka sölu á lambakjöti. Ég sagðist ekki fylla út neina lista og gæti sagt það strax hvað þyrfti til að ~~komu~~ koma, það væri bara að hafa kaupmenn með í ráðum, því við kaupmenn tölum við fólkið sem væri að kaupa kjötið, fólkið sem kæmi í búðir til að versla.**

**Við kaupmenn ráðum ferðinni að svo miklum hluta. Það er þetta sem starstarfshópurinn vantar að skilja, þá þyrftu þeir ekki að eyða tugum milljóna í auglýsingu.**



**Í samstarfshópnum eru þessir menn:**

**Gísli Karlsson**
**Jóhann Guðmundsson**
**Jón Gunnarsson**
**Úlfar Sigurðsson**
**Jóhannes Kristjánsson frá kaupmönnum sem selja kjötið óskýrður og ekki vitað hvenær hennum verður gefið nafn.**

**Nokkur orð um sameiningu sérgreinafélaganna.**

**Í allmörg ár hefir, verið rætt um sameiningu FMR og FK án þess að nokkur niðurstaða hafi fengist. Á sl. vetri kom sú hugmynd frá framkvæmdastjórn K.Í. að sameina bæri öll sérgreinafélögin í Reykjavík í eitt allsherjar Kaupmannafélag. Ekki varð einhugur um það og framkvæmdir bíða.**

**Á sl. hausti áttum við þríhliða viðræður þ.e. ég sem formaður FK., formaður FMR og formaður Félags söluturnaeigenda, um hugsanlega sameiningu þessara þriggja félaga. Niðurstaða varð sú, að láta það bíða enn um sinn, en kalla þess í stað saman fund félagsstjórnanna þriggja þegar verkefni sem snerta félögin öll eru á dagskrá. Um þetta er fullt samkomulag.**

**Án þess að taka afstöðu til kosta og eða galla þess að félögin öll sameinist í eitt, þá er það löngu ljóst að starf FMR og FK er svo náið að sameining þeirra hlýtur að vera á næsta leiti.**
**Það er einnig ljóst að helsta hindrun sameiningarinnar, eru lög K.Í. um skipan fulltrúaráðsins. Það ætti því að vera forgangsverkefni laganefndar K.Í. að breyta þeim lögum á næsta aðalfundi K.Í., sem halda á næsta vetur (1991).**

**Takist vel til með það og liggi það fyrir, áður en kemur að næstu aðalfundum sérgreinafélaganna þá hygg ég að fátt muni tefja sameiningaráform úr því.**

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokum þakkað formaður meðstjórnarmönnum gott og ánægjulegt samstarf. Samstarfsfólki og starfsmönnum K.Í fyrir vel unnin störf og lauk með þeim orðum máli sínu.

2. Lesnir upp reikningar félagsins.

Guðni Þorgeirsson las upp reikningana, en þar kom fram að hagnaður ársins nam kr. 42.636.37

2a. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga

Eyjólfur Guðmundsson vildi koma á framfæri athugasemd við ummæli formanns vegna vigtunar á áleggi og ýmsum kjötvörum, sem hann taldi að stafaði af misskilningi.

Gunnar Snorrason þakkaði störf stjórnar, en benti á samstöðuleysi kaupmanna og hvatti til samstöðu.
Hann ræddi síðan grein og kannanir Björns Jóhannssonar í síðasta blaði Verslunartíðinda, en þar komur fram að mikið vantar á að allir, sem versla með kjöt og matvörur, væru félagar í K.Í.

3. Fleiri tóku ekki til máls. Reikningar voru svo bornir upp og samþykktir samhljóða.

4. Ein inntökubeiðni barst frá Matvörumarkaði Austurveri hf. og var hún samþykkt samhljóða.



5. Kosningar.
Formaður Jón Júlíusson kaupmaður í Nóatúni var endurkjörinn samhljóða til eins árs.
Meðstjórnendur til tveggja ára voru kjörnir þeir Jens Ólafsson í versl. Grundarkjöri og Guðm. Júlíusson í Melabúðinni.
Þórður Jónsson á eftir eitt ár í stjórninni. Sömuleiðis átti Júlíus Jónsson eftir eitt ár, en vildi losna vegna formannsstarfa í Félagi matvörukaupmanna. Var því Kristinn Skúlason í Austurveri hf. kjörinn til eins árs í stað Júlíusar.

Varastjórnendur til eins árs voru endurkjörnir. Þeir: Jóhann Christensen og Guðjón Guðjónsson

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í var kjörinn Gunnar Snorrason og til vara Þórður Jónsson.

Endurskoðendur voru kjörnir þeir: Gunnar Þór Guðmundsson annar og Markús Sigurðsson

6. Önnur mál.

Nýkjörinn formaður Jón Júlíusson þakkaði það traust sem honum hafði verið sýnt með því að endurkjósa hann í formannssætið.
Hann gerði síðan að umtalsefni ráðgjafarþjónustu sem verslunum er nú boðin og talaði síðan um lækkun á dilkakjöti. Verslanir fá núna 15% álagningu á pakkað dilkakjöt og er það nokkuð til bóta miðað við fyrra árs álagningu og hvatti hann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félaga til að sinna vel þessari sölu.
Hann taldi að verslunarkostnaður væri ca 18% og ekki veitti af að fá eitthvað uppí hann.
Hann ræddi síðan framleiðslu þurrt til neytenda og hvatti til samstöðu innbyrðis og því líka samstöðu með markaðsverslunum.
Hann þakkaði velútlátum framlagðan veislukost, sem í þetta sinn kæmi frá Grundarkjörsverslununum.

Framkvæmdastjóri K.Í. Magnús E. Finnsson upplýsti að núna lægi fyrir Alþingi frumvarp til laga um greiðslukortaviðskipti og vonandi næði það fram á yfirstandandi þingi.
Hann ræddi síðan sameiningarmál innan K.Í. og gerði síðan að umtalsefni ýmis mál sem unnið er að innan stjórnar K.Í.
Hann benti á að Björn Jóhannsson viðskiptafræðingur hafi unnið margt fyrir samtökin og hafi þau keypt kandidatsritgerð hans um smásöluverslunina.

Júlíus Jónsson formaður Félags matvörukaupm. gerði að umtalsefni móttöku á gos og öldósum til endurvinnslu.
Hann ræddi endurvinnslumálið og misheppnað samstarf við Hagkaup og Miklagarð.
Síðan talaði hann um óskir félagsins um að fá að selja sterkan bjór í verslunum.
Hann spurði Gísla Blöndal hvort KRON og Mikligarður gætu ekki orðið félagar í



í Félagi matvörukaupmanna eða Félagi kjötverslana þar sem þessi félög væru nú rekin í hlutafélagsformi.

Gísli Blöndal sagði, að innan raða þess félags, sem hann starfaði hjá núna, væri góður hugur til K.Í. og gæti það vel hugsast að félagið gengi í samtökin og yrðu þar með aðili að atvinnurekendasamtökunum.
Hann hvatti til samstöðu allra sem störfuðu í þessari verslunargrein, en varaði við að þvinga neinn til veru í félögunum.
Hann sagðist mundi leggja gott orð til hvatningar á inngöngu félagsins.

Sig. E. Haraldsson spurði hvort Kaupmannasamtök Íslands gætu haft áhrif og hvort hagt væri að sveigja verslunina til þarfa fyrir neytendur.
Hann benti á að hverfaverslun væri núna á undanhaldi, þó með nokkrum undantekningum.
Hann benti svo á ýmis mál, sem unnist hafa og ræddi síðan sameiningarmál, en fannst að allsherjarsameining kæmi ekki til greina, þar eð hann hafi hvergi hitt kaupmann, sem mælt hafi því bót.
Hann ræddi síðan sveiflunar í versluninni hér heima og líka í Danmörku og benti á grein í Politiken frá 11 febr. s.l.

Jón Júlíusson ræddi endurvinnslumálið og sölu á öli og áfengi í verslunum auk staðsetningu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

matvöruverslana í Reykjavík
Hann gerði síðan grein fyrir umsögnum í skipulagsnefnd og las upp hvað hann hafi látið bóka í nefndinni
Hann dreifði síðan línuriti yfir veltubreytingu í matvöruverslun.

Gísli Blöndal upplýsti að nú væri ekki til verslun í Reykjavík, sem rekin væri með kaupfélagsformi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.
[illegible] fundarstj.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum þannig
að varaformaður Þórður Jónsson
gjaldkeri Guðmundur Júlíusson
ritari Jens Ólafsson
meðstj. Kristinn Skúlason.

Ár 1990 þriðjudaginn 18.9 haldnir tveir fundir hjá K.Í. báðir á vegum stjórna Félags kjötverslana og Félags matvörukaupmanna.
Og vísa til fundargerða í sameiginlegri fundargerðarbók félaganna.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Ár 1990 þriðjudaginn 6. nov. haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana í húsakynnum K. I. í Húsi verslunarinnar.

Formaður stjórnar Félags matvörukaupmanna Júlíus Jónsson stjórnaði fundinum.
Mættir voru 10 stjórnarmenn og 2 gestir, en þeir voru Sveinbjörn Kristjánsson formaður Félags söluturnaeigenda og Árni Bergur Eiríksson stjórnarmaður í því sama félagi.

Dagskrá.

Tillaga í Borgarstjórn um að gefa afgreiðslutími verslana ., frjálsan í Reykjavík.
Árni Bergur upplýsti hvað þeir hafa gert í málinu, eftir að hafa haldið almennan fund í félaginu, þar sem skýrt kom fram að félagsmenn vilja engar breytingar á verslunartímareglugerð þeirri sem nú gildir.
Málið rætt ítarlega. Þar var bent á hin fjölmörgu brot kaupmanna í Reykjavík og afstöðu yfirvalda nágranna bæja auk ályktun framkvæmdastjórnar K.I. frá 1987, þar sem hún mælir með frelsi til reynslu í eitt ár.

Ákveðið að kanna hvort ekki væri hægt að mótmæla framkominni tillögu í Borgarstjórn. Leyta skal til Magnúsar framkvæmdastjóra um orðalag.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 16. janúar 1991 var haldinn sameiginlegur fundur stjórna FMR og FK.

Fundarefni: Sameining sérgreinafélaga innan KÍ samkvæmt hugmyndum framkvæmdastjórnar KÍ. og nefndir varðandi sorpeyðingu. o.fl.

Vísað er til fundargerðar í bók fyrir sameiginlega fundi.

Hreinn Sumarliðason



# Aðalfundur 1991.

Ár þá þriðjudaginn 19 mars kl 20:30 haldinn aðalfundur Félags kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

1. Formaður Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði í upphafi.
Hann skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson fundarritara.
Hann bauð félaga og gesti velkomna, en þeir voru ýmsir eldri formenn félagsins og stjórnarmenn ásamt formanni K.Í.

Þá var gengið til dagskrár.

2. Formaður flutti skýrslu stjórnar og var hún svohljóðandi.

**Kæru félagar og góðir gestir!**

Ég býð ykkur öll velkomin til þessa aðalfundar Félags kjötverslana. Sem er og getur jafnframt orðið sá síðasti ef samþykkt verður tillaga sú er liggur fyrir aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands þann 13. april n.k. um sameiningu félaga innan K.Í. Síðastliðið starfsár skipuðu eftirtaldir menn stjórn félagsins:

| | | |
|---|---|---|
| Formaður | Jón Júlíusson | Nóatún |
| Varaform. | Þórður Jónsson | Breiðholtskjör |
| Ritari | Jens Ólafsson | 2 ár Grundarkjör |
| Gjaldkeri | Guðmundur Júlíusson | 2 ár Melabúðin |
| Meðstj. | Kristinn Skúlason | 1 ár Austurver |
| Varamaður | Sveinn Christensen | |
| Varamaður | Guðjón Guðjónsson | S.S. |
| Fulltrúi K.Í. | Gunnar Snorrason | |
| Varafulltrúi K.Í. | Þórður Jónsson | |
| Endurskoðandi | Markús Sigurðsson | |

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu og flest alla sameiginlega með matvörukaupmönnum, á fundunum voru rædd þau mál er varða kjötkaupmenn og sameiginleg mál matvörukaupmanna en þau eru alltaf þau sömu.

Samstarfshópur um sölu dilkakjöts sem kaupmenn eiga ekki aðild að er nú kominn af stað með söluátaki á lambakjöti á lágmarksverði eins og í fyrra.
Kjötið býðst nú á kr. 486,- kr. kg.
Verðlækkun kemur fyrst og fremst fram í stórauknum gæðum vegna betri nýtingu, fita og kjöt sem nýtist illa er nú fjarlægð. Í boði er nú aðeins nýtt kjöt úr hæstu gæðaflokkum og þú getur valið úr tvenns konar gæðaflokkum. Þá er einstökum bitum af skrokknum pakkað í minni poka til hagræðis fyrir kaupanda og þeir hafðir með í stóra pokanum. Kjötið er í fallegum góðum pakkningum og ætti því að líka vel. Þá fá kaupmenn nú 15% sölulaun. Söluátak þetta var kynnt á sameiginlegum fundi með kjöt- og matvörukaupmönnum og var þar boðið í mat og drykk og skipst á skoðunum um söluátak á dilkakjöti og voru allir sammála um að þetta væri betra á allan veg.

2.

## SORPA.

Fyrirtæki er heitir Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins tekur til starfa þann 1. apríl n.k. Munu þá sorphaugar í Gufunesi loka, og þeir sem framleiða sorp (þar á meðal verslanir) greiða fyrir flokkun þess. Timbur og pappír verða endurunnin. Fyrir flokkaðan pappa greiðum við ekki eins mikið og fyrir óflokkað rusl. Ljóst er að talsverður aukinn kostnaður mun fylgja þessu. Sveitarfélög munu reka gámaþjónustu á nokkrum stöðum þar sem tekið verður á móti flokkuðu rusli, húsasorphirða verður óbreytt fyrst um sinn. Ákveðið hefur verið að bjóða Ögmundi Einarssyni forstjóra sorphirðunnar á almennan fund um þetta mál, og einnig verða gerð skil á þessu í næsta fréttabréfi.

## SAMEININGARMAL.

Tillaga hefur komið fram frá framkvæmdastjórn K.Í. um að sameina sérgreinafélögin í tvö félög. Þannig að FM, FK og FSE verði eitt félag, en öll önnur félög sameinist í hitt. Stjórn FM og FK eru sammála þessu, og stjórn FSE er ekki búin að ákveða þetta endanlega. Nú lítur loksins út fyrir að FM og FK geti sameinast þar sem við munum halda öllum okkar fulltrúum í fulltrúaráði K.Í.
Atkvæðamagn á aðalfundi skiptir ekki máli eins og áður, því hann er nú öllum opinn. Gert er ráð fyrir að stjórn hins nýja félags verði 5 menn og 2 til vara. Legg ég til að fundurinn samþykki tillögu um sameingu FMR og FK og hugsanlega FSE. En talandi um fulltrúaráð þá væri ágætt að framkvæmdastjórn opnaði annan hvern fulltrúaráðsfund svo hinn almenni kaupmaður geti komið og þessir fundir verði fjölbreyttari og tengslin aukist.

Komið hefur fram að núverandi varaformaður K.Í. gefi kost á sér til formanns hjá Kaupmannasamtökunum en það sé skilyrði að K.Í. gangi þá til samstarfs við skrifstofu Verslunarráðsins og Félags íslenskra stórkaupmanna. Við matvöru- og kjötkaupmenn þurfum að gera okkur grein fyrir þessu og hvar við stöndum og hvernig málefnum okkar er borgið hjá eða með þessum samtökum. Ég held að við smákaupmenn eigum ekki samleið með báðum þessum félögum.
Ég skil heldur ekki að málum okkar sé nú svo illa farið hjá núverandi stjórn K.Í. að við þurfum að biðja þessi tvö félög ásjár okkur til handa svo við getum fengið að borga félagsgjöld okkar til heildsalanna sem nú hafa um það bil helmingi meiri álagningu en við smákaupmenn síðan frjálsræðið hélt innreið sína.
Ég vona að fundarmenn láti í sér heyra um þessi mál undir liðnum önnur mál hér á eftir.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**TILLAGA.**

**Aðalfundur** FEL. KJÖTVERZLANA
**haldinn** 19.03.'91 Í FUNDARSAL KÍ.
**samþykkir að heimila stjórn félagsins að vinna að sameiningu þess við önnur sérgreinafélög innan K.Í.** þ.e. FMR og FSE.

**Lög félagsins verði í samræmi við núgildandi lög.**
**Fyrirvari er um skipan fulltrúaráðsins.**

**Verði tillaga þessi samþykkt er fyrirhugað að ~~þau~~ þessi félög, ~~sem vilja~~, haldi sameiginlega stofnfund hins nýja félags hinn 17. apríl n.k. Þar verði kosin stjórn og samþykkt lög og jafnframt falli niður umboð þeirrar stjórnar sem kjörin verður hér í dag.**

Jón Júlíusson

Samþ. með einu mótat.



4. Stjórnarkosning

Fyrst var kosinn formaður.
Jón Júlíusson kaupmaður í Nóatúni var endurkjörinn samhljóða til eins árs.
Meðstjórnendur.
Guðmundur Júlíusson á eftir útl. ár og í staðinn fyrir Jens Ólafsson var Sveinn Christensen í Kjöthöllinni kosinn til eins árs.
Síðan voru Þórður Jónsson og Kristinn Skúlason kosnir til 2 ára.

Varastjórn skipa þeir:
Guðjón Guðjónsson hjá S.S.
og Jóhannes Jónsson í Bónus.
báðir til eins árs.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var endurkjörinn Gunnar Snorrason og sömuleiðis var Þórður Jónsson endurkjörinn varamaður.

Endurskoðendur voru kjörnir þeir:
Markús Sigurðsson og Gunnar Þór Guðmannsson

5. Önnur mál.

Guðjón Oddsson formaður Kaupmannasamtaka Íslands tók til máls. Hann þakkaði fyrir boðið á fundinn og gat þess að hann hafi verið viðloðandi í stjórn K.Í. síðastliðin 10 ár.
Síðan ræddi hann stöðu kaupmannafélaga fyrr og nú og taldi nauðsynlegt að sumar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sameina félögin til öflugra starfs.

Viggó Sigurðsson fyrrverandi formaður félagsins rifjaði upp sögu félagsins og gat þess að félagið hafi verið stofnað 15 febrúar 1934. Hann minntist 10 ára afmælis félagsins, sem haldið var í Oddfellow-húsinu með miklili rausn þar sem allir hafi mætt í samkvæmisklæðnaði.
Hann óskaði kaupmönnum betri tíðar.

Óskar Jóhannsson fyrrv. form. Félags matvörukaupm. þakkaði fyrir boðið. Hann minntist ótal mála sem unnust í tíð félagsins t.d. í verðlagsmálum og að fá frjálsa mjólkursölu auk ýmissa annara mála sem urðu kaupmönnum til hagsbóta.

Sigurður E. Haraldsson fyrrv. form. Kaupmannasamtaka Íslands þakkaði boðið.
Hann sagði að hann hafi átt gott og langt samstarf við félaga í þessu félagi.
Hann benti á að starf félaga, sem lengi hefur verið starfandi væri að þakka fjölda manna.
Hann ræddi síðan eldri tíma, sem nú hafa horfið í tímans rás.
Hann taldi að félagið hafi verið glaumnumer innan Kaupmannastéttarinnar.
Síðan ræddi hann um sameiningu félaga og benti þá á þeir sem gerðust félagar í Kaupmannafélögum gerðu það oftast til að hafa sammnyt við aðra, sem störfuðu



að samskonar verslun, enda hefur starf félaganna þróast í það horf að vera málsvari stéttarinnar á faglegum forsendum.
Hann ræddi síðan hugmyndir um samstarf við FÍS og Verslunarráð og benti þá á að FÍS félagar hefðu í sínum málum verið hinumegin við borðið og oftast erfitt að sameina hagsmuna þeirra og okkar.

Ólafur Björnsson fyrrv. formaður Félags matvörukaupmanna þakkaði boðið.
Hann minntist og þakkaði samstarf við félag matvörukaupmanna á liðnum árum.
Bar hann kveðjur frá Mjólkursamsölunni og taldi að vænta mætti góðs samstarfs með hinu nýja félagi sem stendur til að stofna.

Gunnar Snorrason hvatti til gjörrar íhugunar áður en gengið yrði í samstarf með FÍS og V.Í.

Guðjón Oddsson greindi frá samstarfshugmyndum við FÍS og Verslunarráð Íslands. Það hefur aldrei hvarlað að mönnum að leggja K.Í. niður, en með samstarfi væri hægt að ná meiri krafti í félagsstarf og þá meiri áhrifum í málefnum kaupmanna.

Júlíus Jónsson spurði um tillögur sem samþykktar höfðu verið á aðalfundi Félags matvörukaupmanna. Hann bað stjórnarmenn K.Í að reyna að koma þeim í framfæri.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Júlíusson þakkaði fyrir traustið sem honum hafði verið sýnt með því að endurkjósa hann í formannsstöðu í félaginu. Hann benti á að Skúli Ágústsson verslunarstjóri hjá S.S. hafi verið fyrsti formaður félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.

[illegible] fundarstjóri



Ár 1991 fimmtudaginna 4. april kl 13,30 haldinn sameiginlegur fundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.

Þessi fundur hafði verið boðaður sem rabbfundur.
Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið:

1. Afnám 5% afsláttar til Félags eldri borgara.

Formaður hvatti félaga til að standa þétt saman um ákvörun aðalfunda félaganna. Margir tóku til máls.

2. Umræða um álagningu vara.

Formaður hóf umræðuna og voru álagningarmál rædd, bæði í heildsölu og smásölu. Verð á páskaeggum var sérstaklega reifað og þótti mönnum skammarlegt hvernig að var staðið.
Menn vitnuðu í mismunandi verð hjá heildsölum og var það álit ýmsra að kaupmönnum sé lífsspursmál að bindast samtökum um að flytja inn sjálfir.

3. Sameining Félags mat og kjöt.

Nú þegar aðalfundir beggja félaganna hafa samþykkt að stefna í sameiningu félaganna, vill formaður biðja menn að ýhuga um menn í stjórn hins nýja félags.

Fleira ekki tekið fyrir . Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ar 1991 föstudaginn 13. september haldinn sameginlegur stjórnarfundurn í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötkaupmanna kl. 11,00n í húsakynnum Kaupmannasamtaka Islands í Húsi Verslunarinnar.

Jón Júlíusson formaður Félags kjötverslana setti fundinn og stjórði honum.

Formaður fór yfir hin ýmslu mál sem efst eru á baugi.
Hann benti á að menn hafi staðið vel saman um að fella niður 5% afslátt til Félags eldri borgara og þar með hafi það mál unnist.
Hann ræddi síðan um mismunun á aðstöðu verslana, vegna staðsetningu vínbúða og hvatti til þess að skrifstofa K.I, legði áherslu á að fá fram afgreiðslu á frumvarpið um greiðslukorta viðskipti, þar sem lagt er til að viðskiptavinurinn greiði kostnaðinn af greiðslukorta-viðskiptunum.
Fundarmenn vilja fá fram debetkort, sem fyrst.

Akveðið að óska eftir því við formann K.I að Júlíus Jónsson og Guðjón Guðjónsson verði með, þegar farið verður til ráðherra til að ræða um kortin og mismunun á aðstöðu verslana, vegna staðsetningu vínbúða, auk þess að óska eftir því að fá leyfi til sölu á sterkum bjór í verslunum.

Rætt um tilnefningu á manni í stjórn Stofnlánasjóðs matvörukaupmanna. Samþykkt að endurtilnefna Magnús E. Finnsson framkvæmdastjóra.

Jón Júlíusson ræddi síðan væntanlegt samstarf K.I. F.I.S og Bílgreinasambandsins. Engar umræður.

Júlíus Jónsson ræddi og las upp bréf og svar K.I, vegna tillagna um ný tóbakslög.

Guðni Þorgeirsson lýsti könnun á sorphirðumálum verslana.
Akveðið að Júlíus og Guðni hafi samband við fyrirtækið Hirðir.

Júlíus Jónsson greindi frá viðræðum við forstjóra Mjólkursamsölunnar vegna dagstimplunar á unnum mjólkurvörum með tuttugu daga geymsluþoli, en eru afgreiddar alltað hálfs-mánaðar gamlar frá M.S.

Síðan ræddu menn um verðkannanir.
Akveðið að óska eftir fundi um málið með Framkvæmdastjórn K.I

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.



**Ár 1991 miðvikudaginn 23. október kl. 10:30, haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar.**

**Formaður matvörukaupmanna Júlíus Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum.**

**Guðni Þorgeirsson ræddi mjólkurverð og verðlistaútgáfu frá MS. Ákveðið að biðja MS að gefa út verð með mismunandi álagningu. Síðan upplýsti Guðni að K.Í. væri að skipuleggja skiltanámskeið og ennfremur er verið að semja við Tölvuskólann um sérstakt verð fyrir félaga K.Í. en þar munar um kr. 15.700,-**

**Formaður sagði frá fundi með fjármálaráðherra en þar var rætt um frumvarp til laga um greiðslukort, sölu á sterkum bjór og léttum vínum, auk sér aðstöðu þeirra sem hafa áfengissölu við hliðina á versluninni.**

**Síðan ræddu menn um verðlag hjá heildverslunum og stöðu verslunarinnar í dag sem fór síðan í að ræða um verðkannanir og ákveðið var að leita til stjórnar K.I. um aðstoð til að svara óraunhæfum verðlagskönnunum.**
**Ákveðið að tveir til þrír stjórnarmenn fari á fund framkvæmdastjórnar til að ræða málið.**

**Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.**

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur